

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 757/2007

2010/EES/32/16

frá 29. júní 2007

um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fódri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. d,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri ⁽²⁾, einkum 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fódur.

2) Í 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er mælt fyrir um bráðabirgðaráðstafanir vegna umsókna um leyfi fyrir aukefni í fódri sem eru lagðar fram í samræmi við tilskipun 70/524/EBE fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknir um leyfi fyrir aukefnum, sem eru skráð í viðaukunum við þessa reglugerð, voru lagðar fram fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Fyrstu athugasemdirnar um þessar umsóknir, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE, voru sendar til framkvæmdastjórnarinnar fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Því skal meðhöndla þessar umsóknir áfram í samræmi við 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE.

5) Lögð voru fram gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir rotvarnarefnið natriumbensóat, própíónsýru og natriumprópíónat fyrir eldisnautgripi. Hinn 18. október 2006 skilaði Matvælaöryggisstofnun Evrópu álit sín um öryggi og verkun efnablöndunnar. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í I. viðauka við þessa reglugerð.

6) Notkun efnablöndu með bensósýru var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldisvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 877/2003 ⁽³⁾. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir efnablönduna fyrir eldisvín. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í II. viðauka við þessa reglugerð.7) Mat á umsóknunum sýnir að tilteknar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum aukefnanna sem eru tilgreind í viðaukunum. Slík vernd ætti að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽⁴⁾.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir flokknum „rotvarnarefni“ og tilgreind er í I. viðauka, er leyfð án tímamarka sem aukefni í fódri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2008 frá 14. mars 2008 um breytingu I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42, 10.7.2008, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1800/2004 (Stjtið. ESB L 317, 16.10.2004, bls. 37).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 126, 22.5.2003, bls. 24.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

TILSKIPUN RÁÐSINS

2010/EES/32/32

frá 21. nóvember 1989

um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu löggjafar um heilbrigði dýra og dýrarækt (*)

(89/608/EEB)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í landbúnaðarmálum hefur verið komið á viðtækum reglum á sviði heilbrigði dýra og dýraræktar.

Nauðsynlegt er að efla samvinnu yfirvalda í aðildarríkjunum sem bera ábyrgð á beitingu reglna um heilbrigði dýra og dýrarækt til að tryggja snurðulausa framkvæmd hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu og starfsemi sameiginlega markaðarins með landbúnaðarafurðir og einnig til að afnema dýraheilbrigðiseftirlit á landamærum svo koma megi á innri markaði fyrir þær vörur sem slíkt eftirlit er haft með.

Því ber að koma á reglum sem skylda lögbær yfirvöld aðildarríkjanna til að veita hvert öðru gagnkvæma aðstoð og vinna að því með framkvæmdastjórninni að tryggja rétta beitingu reglna um heilbrigði dýra og dýrarækt, einkum með því að koma í veg fyrir og afhjúpa misbeitingu á slíkum reglum og hverri þeirri starfsemi sem virðist vera í andstöðu við þær.

Ákvörðun þessara reglna skal svo sem frekast er unnt byggjast á bandalagsákvörðunum í reglugerð ráðsins (EEB) nr. 1468/81 frá 19. maí 1981 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu löggjafar um tolla- og landbúnaðarmál ⁽⁴⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EEB) nr. 945/87 ⁽⁵⁾. Einnig ber að taka til greina séreinkenni heilbrigðisreglna.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er kveðið á um hvernig lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á eftirliti með löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt í aðildarríkjunum, skulu vinna saman innbyrðis og með hlutaðeigandi deildum framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja að farið sé að þessari löggjöf.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „löggjöf um dýraheilbrigði“: öll bandalagsákvæði og ákvæði sem stuðla að beitingu bandalagsreglna um dýraheilbrigði, almannaheilbrigði í tengslum við dýraheilbrigði, dýraheilbrigðisskoðun, kjöt og aðrar afurðir sem eru upprunnar úr dýraríkinu og dýravernd,
- „löggjöf um dýrarækt“: öll bandalagsákvæði og ákvæði sem stuðla að beitingu bandalagsreglna um dýrarækt,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 351, 2.12.1989, bls. 34. Þessi gerð var hluti af EES-samningnum þegar hann var gerður og hana er því ekki að finna í neinni ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 225, 31.8.1988, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 326, 19.12.1988, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 56, 6.3.1989, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 144, 2.6.1981, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 90, 2.4.1987, bls. 3.

- „yfirvald sem sækir um aðstoð“: lögbært yfirvald í aðildarríki sem fer fram á aðstoð,
- „yfirvald sem beðið er um aðstoð“: lögbært yfirvald í aðildarríki sem farið er fram á að aðstoði.

2. Aðildarríkin skulu senda öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni skrá yfir þau lögbæru yfirvöld sem um getur í 1. gr.

3. gr.

Sú skylda að veita aðstoð, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skal ekki hafa áhrif á veitingu upplýsinga eða skjöl sem lögbær yfirvöld, sem um getur í 1. gr., fá í krafti þess valds sem þau beita að beiðni yfirvalds á sviði dómgæslu.

Þegar sótt er um aðstoð skal þó veita slíkar upplýsingar eða útvega skjöl, með fyrirvara um 14. gr., í öllum tilvikum þegar yfirvald á sviði dómgæslu, sem leita skal til, veitir samþykki sitt til þess.

I. BÁLKUR

Aðstoð samkvæmt beiðni

4. gr.

1. Að ítarlegri rökstuddri beiðni yfirvalds, sem sækir um aðstoð, skal yfirvaldið, sem beðið er um aðstoð,
 - láta yfirvaldinu, sem sækir um aðstoð, í té allar upplýsingar, vottanir, skjöl eða staðfest afrit sem þau hafa í sinni vörslu eða sem unnt er að fá í samræmi við 2. mgr. og gerir þeim kleift að hafa eftirlit með hvort farið hafi verið að ákvæðunum í löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt,
 - láta fara fram nauðsynlega rannsókn á þeim aðstæðum sem yfirvaldið, sem sækir um aðstoð, tilgreinir og láta það vita um útkomu þessara rannsókna, þar með talið upplýsingarnar sem rannsóknirnar byggjast á.
2. Til að fá þessar upplýsingar skal yfirvaldið, sem beðið er um aðstoð, eða stjórnvald sem það hefur leitað til, aðhafast svo sem væri í eigin nafni eða að beiðni annars yfirvalds í eigin landi.

5. gr.

1. Að beiðni þess yfirvalds, sem sækir um aðstoð, skal ríkið, sem beðið er um aðstoð, að teknu tilliti til gildandi reglna í aðildarríkinu þar sem yfirvaldið er, tilkynna yfirvaldinu, sem sækir um aðstoð, eða láta tilkynna því um öll skjöl eða ákvarðanir sem koma frá lögbærum yfirvöldum og varða beitingu á löggjöf um dýr og dýraheilbrigði.

2. Beiðnum um tilkynningar varðandi efni laga eða ákvörðunar sem á að láta í té skal, að kröfu þess yfirvalds, sem beðið er um aðstoð, fylgja þýðing á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem yfirvaldið, sem beðið er um aðstoð, er.

6. gr.

Að beiðni þess yfirvalds, sem sækir um aðstoð, skal yfirvaldið, sem beðið er um aðstoð, vakta eða láta vakta eða efla vakt á starfssvæðum þar sem grunur leikur á að ekki sé farið að reglum, einkum:

- a) starfsstöðvar;
- b) staði þar sem vörubirgðum hefur verið safnað saman;
- c) tilkynnta vöruflutninga;
- d) flutningatæki.

7. gr.

Að beiðni þess yfirvalds, sem sækir um aðstoð, skal yfirvaldið, sem beðið er um aðstoð, láta því í té allar viðeigandi upplýsingar sem það á til eða sem það fær í samræmi við 2. mgr. 4. gr., einkum í formi skýrslna og annarra skjala eða staðfest afrit eða útdrátt úr slíkum skýrslum eða skjölum varðandi staðfesta starfsemi sem yfirvaldið, sem sækir um aðstoð, virðist vera andstæð ákvæðunum í löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt.

II. BÁLKUR

Sjálfkrafa aðstoð

8. gr.

1. Hin lögbæru yfirvöld í aðildarríkjunum skulu eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. að eigin frumkvæði aðstoða lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum án þess að hin síðarnefndu fari áður fram á það.
2. Ef þau telja það gagnlegt í tengslum við löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt skulu lögbær yfirvöld í hverju aðildarríkjanna:
 - a) vakta eða láta vakta starfssvæði sem um getur í 6. gr. svo sem unnt er;
 - b) láta lögbærum yfirvöldum í öðrum viðkomandi aðildarríkjum í té allar tiltækar upplýsingar eins fljótt og unnt er, einkum í formi skýrslna og annarra skjala eða staðfest afrit eða útdrátt úr slíkum skýrslum eða skjölum varðandi starfsemi sem þeim virðist vera andstæð ákvæðunum í löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt, og sérstaklega tilkynna þeim um leiðir eða aðferðir sem notaðar eru við framkvæmd slíkrar starfsemi.

III. BÁLKUR

Lokaákvæði

9. gr.

1. Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni í té um leið og þær eru tiltækar:

a) allar upplýsingar, sem þau telja gagnlegar, um:

- vörur sem grunur leikur á að meðhöndlaðar hafi verið andstætt löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt,
- aðferðir eða vinnsluaðferðir sem notaðar voru eða grunur leikur á að hafi verið notaðar andstætt slíkri löggjöf;

b) allar upplýsingar um annmarka á eða eyðu í téðri löggjöf sem beiting hennar hefur sýnt eða gefið til kynna.

2. Framkvæmdastjórnin skal láta lögbærum yfirvöldum í hverju aðildarríki allar upplýsingar í té um leið og þær eru þeim tiltækar og eru þess eðlis að það auðveldi þeim að tryggja að farið sé að löggjöf um heilbrigði og dýrarækt.

10. gr.

1. Ef lögbær yfirvöld í aðildarríki verða vör við starfsemi sem er, eða virðist vera, andstæð reglum um heilbrigði dýra og dýrarækt og varðar sérstaklega hagsmuni bandalagsins, og einkum:

- ef hún hefur eða kann að skjóta rótum í öðrum aðildarríkjum, eða
- ef téðum yfirvöldum virðist líklegt að sambærileg starfsemi hafi einnig átt sér stað í öðrum aðildarríkjum,

skulu þessi yfirvöld láta framkvæmdastjórninni í té eins fljótt og hægt er, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að rökstuddri beiðni framkvæmdastjórnarinnar allar viðeigandi upplýsingar, ef við á í formi skjala eða staðfest afrit eða útdrátt úr skjölum sem nauðsynleg eru til að varpa ljósi á staðreyndir þannig að framkvæmdastjórninni sé kleift að samræma aðgerðir aðildarríkjanna.

Framkvæmdastjórnin sendir þessar upplýsingar áfram til lögbærra yfirvalda í öðrum aðildarríkjum.

2. Ef boðskiptin, sem um getur í 1. mgr., varða tilvik sem kunna að stofna heilsu manna í hættu og ef aðrar varnaraðgerðir eru ekki fyrir hendi er heimilt að veita viðkomandi upplýsingar í formi rökstuddrar tilkynningar til almennings, eftir að viðkomandi aðilar og framkvæmdastjórnin hafa haft samband sín á milli.

3. Upplýsingar, sem varða einstaklinga eða lögaðila, skal láta í té eins og kveðið er á um í 1. mgr. aðeins ef brýn þörf er á því til að benda á starfsemi sem er andstæð löggjöf um dýraheilbrigði og dýrarækt.

4. Ef lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum beita 1. mgr. þá þurfa þau ekki að láta upplýsingar lögbærum yfirvöldum í öðrum viðkomandi aðildarríkjum í té eins og kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 8. gr. og 9. gr.

11. gr.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði eða fastanefndarinnar um dýrarækt:

- rannsaka almennt hvernig ráðstafanir um gagnkvæma aðstoð, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, reynast í framkvæmd,
- rannsaka viðeigandi upplýsingar sem framkvæmdastjórninni eru látnar í té samkvæmt 9. og 10. gr. – og hvernig slík boðskipti fara fram – svo niðurstaða fáið í málinu.

Í ljósi þessarar rannsóknar skal framkvæmdastjórnin, ef þörf krefur, leggja til breytingar á gildandi ákvæðum bandalagsins eða að ný ákvæði verði sett.

12. gr.

Til þess að koma þessari tilskipun á skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til:

- a) að tryggja snurðulausa innri samræmingu milli lögbærra yfirvalda sem um getur í 1. gr;
- b) að koma á beinni samvinnu milli yfirvalda, sem þau veita sérstakt umboð í því skyni, með hliðsjón af gagnkvæmum tengslum þeirra og eftir þörfum.

13. gr.

1. Þessi tilskipun skyldar ekki lögbær yfirvöld aðildarríkjanna til að veita hvert öðru aðstoð ef það er andstætt allsherjarreglu eða öðrum grundvallarhagsmunum þess ríkis þar sem þau eru.

2. Synjun um aðstoð þarf að rökstyðja.

14. gr.

Í stað afhendingar skjalanna, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, má láta í té upplýsingar unnar í tölvutæku formi í sama tilgangi.

15. gr.

1. Farið skal með allar upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt þessari tilskipun, í hvaða formi sem er, sem trúnaðarmál. Þær skulu falla undir ákvæði um þagnarskyldu og njóta þeirrar verndar sem kveðið er á um í innlendum lögum aðildarríkisins sem veitir upplýsingunum viðtöku, vegna sams konar upplýsinga og þeirrar verndar sem samsvarandi ákvæði um stofnanir bandalagsins veita.

Upplýsingarnar, sem getur í fyrstu undirgrein, mega ekki sendast til annarra aðila, í aðildarríkjunum eða í stofnunum bandalagsins, en þeirra sem þurfa á þeim að halda vegna skyldustarfa sinna. Né heldur má nota þær í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er í þessari tilskipun, nema yfirvaldið sem veitti þær hafi gefið ótvírætt samþykki sitt og að því tilskildu

að gildandi reglur í aðildarríkinu hjá því yfirvaldi sem veitir upplýsingunum viðtöku banni ekki slíka dreifingu eða notkun.

Upplýsingarnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skulu aðeins látnar yfirvaldi, sem sækir um aðstoð, í té ef gildandi ákvæði í aðildarríkinu þar sem yfirvöldin, sem sækja um aðstoð, eru koma ekki í veg fyrir það.

Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingar, sem eru fengnar samkvæmt kerfinu um gagnkvæma aðstoð, séu trúnaðarmál, einnig að máli loknu.

2. Ákvæði 1. mgr. hindra ekki að upplýsingar, sem eru fengnar samkvæmt þessari tilskipun, séu notaðar í málaferlum eða málssókn sem til er komin vegna þess að ekki var farið að löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt og til að koma í veg fyrir eða koma upp um misferli sem skaðað gæti sjóði bandalagsins.

Lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu, sem lét í té þessar upplýsingar, skal þegar í stað tilkynnt um það ef þær eru notaðar í því skyni.

16. gr.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um tvíhliða gagnkvæma aðstoðarsamninga milli dýraheilbrigðisstjórnvalda og þriðju landa.

Framkvæmdastjórnin skal fyrir sitt leyti tilkynna aðildarríkjunum um samninga sama eðlis sem hún gerir við þriðju lönd.

17. gr.

Aðildarríkin skulu gera gagnkvæmt tilkall til endurgreiðslu á útgjöldum sem fylgja beitingu þessarar tilskipunar nema, ef við á, að því er varðar laun til sérfræðinga.

18. gr.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á beitingu reglna um gagnkvæma aðstoð í afbrotamálum í aðildarríkjunum.

19. gr.

Aðildarríkjunum ber að samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli, sem nauðsynleg eru til að framfylgja tilskipun þessari, fyrir 1. júlí 1991. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

20. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. nóvember 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

H. Nallet

forseti.

2. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir floknum „sýrustillar“ og tilgreind er í II. viðauka, er leyfð án tímamarka sem aukefni í föðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg korns			
Rotvarnarefni								
E700	Natriumbensóat 140 g/kg Própiónsýra 370 g/kg Natriumprópiónat 110 g/kg	Samsetning aukefnisins: Natriumbensóat: 140 g/kg Própiónsýra: 370 g/kg Natriumprópiónat: 110 g/kg Vatn: 380 g/kg Virk efni: Natriumbensóat C ₇ H ₅ O ₂ Na Própiónsýra C ₃ H ₆ O ₂ Natriumprópiónat C ₃ H ₅ O ₂ Na	Eldisnautgripir	—	3000	22000	Til rotvarnar á korni með meira en 15% rakainnihaldi	Án tíma-marka

II. VIÐAUKI

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg heilföðurs			
Sýrustillar								
E210	Bensósýra	C ₇ H ₆ O ₂	Eldissvín	—	5000	10000	Í notkunarleiðbeiningum skal tilgreina eftirfarandi: „Óheimilt er að gefa eldissvínunum fôðurbæti sem inniheldur bensósýru einan og sér“ „Varðandi öryggi notenda: grípa skal til ráðstafana til að tryggja að aukefnið gefi frá sér eins lítið ryk, sem hægt er að anda að sér, og mögulegt er. Öryggisblað er fíánlegt.“	Án tíma-marka

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 785/2007

2010/EES/32/17

frá 4. júlí 2007

um að leyfa 6-fýtasa EC 3.1.3.26 (Phyzyme XP 5000G Phyzyme XP 5000L) sem aukefni í fæði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fæði⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fæði ásamt forsendum og málsmæðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir efnablöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir nýrri notkun efnablöndunnar 6-fýtasa EC 3.1.3.26, framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233) (Phyzyme XP 5000G Phyzyme XP 5000L), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem aukefni í fæði fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, aliendur, smágrísi (sem búið er að venja undan), eldisssvín og gyltur.
- 4) Notkun 6-fýtasa EC 3.1.3.26, sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), var leyfð án tímamarka fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1743/2006⁽²⁾.

- 5) Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, aligæsir, smágrísi (sem búið er að venja undan), eldisssvín og gyltur. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „stofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu frá 17. október 2006 að efnablandan 6-fýtasi EC 3.1.3.26, framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233) (Phyzyme XP 5000G Phyzyme XP 5000L), hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu dýra, manna eða umhverfið⁽³⁾. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að efnablandan feli ekki í sér aðra áhættu sem kemur í veg fyrir leyfisveitingu í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Samkvæmt því álitinu hefur notkun efnablöndunnar ekki skaðleg áhrif á þessa nýju dýraflokka. Í álitinu stofnunarinnar er mælt með viðeigandi ráðstöfunum er varða öryggi notenda. Hún telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í fæði sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 6) Mat á efnablöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fæði með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 175, 5.7.2007, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2008 frá 14. mars 2008 um breytingu I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42, 10.7.2008, bls. 1.

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

(2) Stjtið. ESB L 329, 25.11.2006, bls. 16.

(3) Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni sem eru notuð í fæði um öryggi og verkun ensimblöndunnar Phyzyme™ XP 5000L og Phyzyme™ XP 5000G sem aukefni í fæði fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, aliendur, smágrísi (sem búið er að venja undan), eldisssvín og gyltur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003. Samþykkt 17. október 2006. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2006) 404, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júlí 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknienieing/kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a1640	Danisco Animal Nutrition	6-fýtasi EC 3.1.3.26 (Phyzyme XP 5000G Phyzyme XP 5000L)	Samsetning aukefnis: Efnablanda 6-fýtasa (EC 3.1.3.26) framleidd með <i>Schizosaccharomyces pombe</i> (ATCC 5233) með virkni að lágmarki: Fast form: 5000 FTU (¹)/g Vökvaform: 5000 FTU/ml Lýsing á eiginleikum virka efnisins: 6-fýtasi (EC 3.1.3.26) framleiddur með <i>Schizosaccharomyces pombe</i> (ATCC 5233) Greiningaraðferð (²) Litmæling sem mælir ólífrænt fosfat sem ensímið leysir úr fýtathvarfefni.	Eldis- kjúklingar	—	250 FTU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggglun. 2. Til nota í fôður sem inniheldur yfir 0,23% fýtinbundinn fosfór. 3. Fyrir smágrísi (sem búið er að venja undan) allt að 35 kg af líkamsþyngd. 4. Ráðlagðir skammtar á hvert kílógramm heilföðurs: — eldiskjúklingar: 500–750 FTU; — eldiskalkúnar: 250–1000 FTU; — varphænur: 150-900 FTU, — aliendur: 250–1000 FTU, — smágrísir (sem búið er að venja undan): 500-1000 FTU, — eldissvín: 500-1000 FTU, — gyltur: 500 FTU.	25. júlí 2017
				Eldis- kalkúnar	—	250 FTU	—		
				Varphænur	—	150 FTU	—		
				Aliendur	—	250 FTU	—		
				Smágrísir (sem búið er að venja undan)	—	250 FTU	—		
				Eldissvín	—	250 FTU	—		
				Gyltur	—	500 FTU	—		

⁽¹⁾ Eitt FTU er magn þess ensíms sem leysir 1 míkromól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH 5,5 og 37 °C.⁽²⁾ Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/html/crlfaa/

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 786/2007

2010/EES/32/18

frá 4. júlí 2007

um að leyfa endó-1,4-beta-mannanasa EC 3.2.1.78 (Hemicell) sem aukefni í föðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í föður ásamt forsendum og málsmæðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir efnablöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir notkun efnablöndunnar endó-1,4-beta-mannanasa EC 3.2.1.78 (Hemicell), framleiddur með *Bacillus lentus* (ATCC 55045), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem aukefni í föðri fyrir eldiskjúklinga.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „stofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 21. nóvember 2006 að efnablandan endó-1,4-beta-mannanasi EC 3.2.1.78, framleiddur með *Bacillus lentus* (ATCC 55045) (Hemicell), hafi ekki skaðleg áhrif á

heilsu dýra, manna eða umhverfið ⁽²⁾. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að efnablandan feli ekki í sér aðra áhættu sem kemur í veg fyrir leyfisveitingu í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Í álitinu stofnunarinnar er mælt með viðeigandi ráðstöfunum er varða öryggi notenda. Hún telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í föðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á efnablöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í föðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júlí 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 175, 5.7.2007, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2008 frá 14. mars 2008 um breytingu I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42, 10.7.2008, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

⁽²⁾ Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni sem eru notuð í föður um öryggi og verkun ensimblöndunnar Hemicell® Feed Enzyme (beta-D-mannanasi) sem aukefni í föðri fyrir eldiskjúklinga í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003. Samþykkt 21. nóvember 2006. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2006) 412, 1–12.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni (Viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieining/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a3	ChemGen Corp., sem Disproquima S.L. er fulltrúi fyrir.	Endó-1,4-beta-mannanasi EC 3.2.1.78 (Hemicell)	Samsetning aukefnis: Efnablanda endó-1,4-beta-mannanasa, framleiddur með <i>Bacillus lentus</i> (ATCC 55045), með virkni að lágmarki: Vökvaform: 7,2 × 10 ⁵ U (¹)/ml Lýsing á eiginleikum virka efnisins: Endó-1,4-beta-mannanasi, framleiddur með <i>Bacillus lentus</i> (ATCC 55045) Greiningaraðferð (²) Prófun með afoxandi sykra fyrir endó-1,4-beta-mannanasa með litmælingarhvarfi með dínitróssaalisýlsýruprófefni á heimtum afoxandi sykra.	Eldis-kjúklingar	—	79200 U	—	<div>1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og for-blöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.</div> <div>2. Nota skal öndunarvörn og öryggisgleraugu við meðhöndlun.</div> <div>3. Til nota í fôðurböndur sem eru auðugar af hálfbeðmi sem inniheldur galaktómannan (t.d. soja, maís).</div>	25. júlí 2017

⁽¹⁾ Ein virknieining er skilgreind sem magn þess ensíms sem leysir 0,72 mikrógrömm afoxandi sykra (mannósajafngildi) úr mannan sem inniheldur hvarfefni (karóbgúmmí) á mínútu við pH 7,5 og 40 °C.

⁽²⁾ Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/html/crlfaa/

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 828/2007

2010/EES/32/19

frá 13. júlí 2007

um varanlegt leyfi og bráðabirgðaleyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 3. gr., 9. gr. d (1. mgr.) og 9. gr. e (1. mgr.),með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽²⁾, einkum 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður.
- 2) Í 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er mælt fyrir um bráðabirgðaráðstafanir vegna umsókna um leyfi fyrir aukefni í fóðri sem eru lagðar fram í samræmi við tilskipun 70/524/EBE fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknir um leyfi fyrir aukefnum, sem eru skráð í viðaukunum við þessa reglugerð, voru lagðar fram fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Fyrstu athugasemdirnar um þessar umsóknir, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE, voru sendar til framkvæmdastjórnarinnar fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Því skal meðhöndla þessar umsóknir áfram í samræmi við 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE.
- 5) Notkun efnablöndu úr endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (MUCCL 39203), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar

(EB) nr. 1436/98 ⁽³⁾. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir efnablönduna fyrir eldiskjúklinga. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í I. viðauka við þessa reglugerð

- 6) Notkun efnablöndu úr endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (IMI SD 135), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1353/2000 ⁽⁴⁾. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þá efnablöndu fyrir kalkúna. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í II. viðauka við þessa reglugerð.
- 7) Lögð voru fram gögn til stuðnings umsókn um leyfi í fjögur ár fyrir efnablönduna *Phaffia rhodozyma* (ATCC SD-5340), sem inniheldur mikið af astaxantíni, fyrir lax og silung. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) skilaði álitinu sínu 25. janúar 2006 um notkun á þessari efnablöndu. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 1. mgr. 9. gr. e í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu í fjögur ár eins og tilgreint er í III. viðauka við þessa reglugerð.
- 8) Mat á umsóknunum sýnir að tilteknar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af aukefnunum sem eru tilgreind í viðaukunum. Slík vernd skal tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽⁵⁾.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 184, 14.7.2007, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2008 frá 14. mars 2008 um breytingu I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42, 10.7.2008, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1800/2004 (Stjtið. ESB L 317, 16.10.2004, bls. 37).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 191, 7.7.1998, bls. 15.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 155, 28.6.2000, bls. 15.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/30/EB (Stjtið. ESB L 165, 27.6.2007, bls. 21).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

3. gr.

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir flokknum „ensím“ og tilgreind er í I. viðauka, er leyfð án tímamarka sem aukefni í föðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

Efnablandan, sem tilheyrir flokknum „litgjafar, að meðtöldum fastlitarefnum“ og tilgreind er í III. viðauka, er leyfð í fjögur ár sem aukefni í föðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir flokknum „ensím“ og tilgreind er í II. viðauka, er leyfð án tímamarka sem aukefni í föðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Virknieiningar/kg heilföðurs			
Ensím								
E 1641	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (MUCL 39203), með virkni að lágmarki: Fast form: 1500 AXC/g ⁽¹⁾ Vökvaform: 200 AXC/ml	Eldis-kjúklingar	—	55 AXC	—	<div>1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.</div> <div>2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: 55–100 AXC.</div> <div>3. Til nota í fôðurlöndur, auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínoxýlönun), t.d. þær sem innihalda yfir 50% af hveiti.</div>	Án tíma-marka

⁽¹⁾ 1 AXC er magn þess ensíms sem leysir 17,2 míkromól afoxandi sykra (maltósajafngilda) á mínútu úr xýlani úr höfrum við pH 4,7 og 30 °C.

II. VIÐAUKI

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Virknieiningar/kg heilföðurs			
Ensím								
E 1617	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (IMI SD 135), með virkni að lágmarki: Fast form: 6000 EPU/g ⁽¹⁾ Vökvaform: 6000 EPU/ml	Eldiskalkúnar	—	1050 EPU	—	<div>1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.</div> <div>2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: 1050–3000 EPU.</div> <div>3. Til nota í fôðurlöndur, auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínoxýlönun), t.d. þær sem innihalda yfir 40% af hveiti.</div>	Án tímamarka

⁽¹⁾ 1 EPU er magn þess ensíms sem leysir 0,0083 míkromól afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH 4,7 og 30 °C.

III. VIÐAUKI

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg heilföðurs			
Litgjafar, að meðtöldum litarefnum								
E 161y	Phaffia rhodozyma sem inniheldur mikið af astaxantíni (ATCC SD-5340)	Hreinn lifmassi gersveppsins Phaffia rhodozyma (ATCC SD-5340), óvirkur og inniheldur a.m.k. 10,0 g af astaxantíni fyrir hvert kílógramm aukefnis.	Lax	—	—	100	Hámarksinnihaldið er gefið upp sem astaxantín. Notkun aðeins heimil frá sex mánaða aldri. Blöndun aukefnisins með kantaxantíni er heimil að því tilskildu að heildarstyrkur astaxantíns og kantaxantíns fari ekki yfir 100 mg/kg í heilföðrinu.	3. ágúst 2011
			Silungur		—	100		

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1137/2007

2010/EES/32/20

frá 1. október 2007

um að leyfa *Bacillus subtilis* (O35) sem aukefni í fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um leyfi fyrir aukefnum til nota í fóður ásamt ástæðum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir efnablöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir efnablöndunni *Bacillus subtilis* DSM 17299 (O35) í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ sem aukefni í fóðri fyrir eldiskjúklinga.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (stofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 17. október 2006 að efnablandan *Bacillus subtilis* DSM 17299 (O35) hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu dýra, manna eða umhverfið⁽²⁾. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að efnablandan feli ekki í sér aðra áhættu sem kemur í veg fyrir leyfisveitingu í samræmi við 2. mgr.

5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Í álitinu stofnunarinnar er mælt með viðeigandi ráðstöfunum er varða öryggi notenda. Stofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á efnablöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 21/2008 frá 14. mars 2008 um breytingu I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42, 10.7.2008, bls. 1.

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

(2) Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni sem eru notuð í fóður og álit vísindanefndar um erfðabreyttar lífverur um öryggi og verkun örverufræðilegru vörunnar „O35“, sem er efnablanda með *Bacillus subtilis*, sem aukefni í fóðri fyrir eldiskjúklinga í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003. Samþykkt 17. október 2006. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2006) 406, bls. 1-11.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni (Viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1821	Chr. Hansen A/S	<i>Bacillus subtilis</i> DSM 17299 (O35)	Samsetning aukefnis: Efnablanda með <i>Bacillus subtilis</i> DSM 17299 Sem inniheldur að lágmarki $1,6 \times 10^9$ CFU/g aukefnis $1,6 \times 10^9$ CFU/g aukefnis Lýsing á eiginleikum virka efnisins: Gróþykkni <i>Bacillus subtilis</i> DSM 17299 Greiningaraðferð ⁽¹⁾ : Ákvörðun á heildarfjölda örvera með yfirborðsræktun á agar með trýptónsoja og forhituðum fóðursýnum	Eldis- kjúklingar	—	8×10^8	$1,6 \times 10^9$	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggglun. 2. Heimilt að nota í fôðri sem inniheldur hin leyfðu hníslalyf: diklasúríl, halófúgínón og róbenidín.	22. október 2017

⁽¹⁾ Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1138/2007**2010/EES/32/21****frá 1. október 2007****um leyfi fyrir nýrri notkun á bensósýru (VevoVital) sem aukefni í fóðri (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um leyfi fyrir aukefnum til nota í fóður ásamt ástæðum og málsmæðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir efnablöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir nýrri notkun efnablöndunnar bensósýru (VevoVital) í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ sem aukefni í fóðri fyrir eldisvín.
- 4) Notkun efnablöndu bensósýru (VevoVital) var leyfð fyrir smágrísi, sem búið er að venja undan, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1730/2006 ⁽²⁾.
- 5) Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi fyrir eldisvín. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (stofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá

7. mars 2007 að bensósýra (VevoVital) hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu dýra, manna eða umhverfið ⁽³⁾. Hún kemst enn fremur að þeirri niðurstöðu að bensósýra (VevoVital) feli ekki í sér aðra áhættu sem kemur í veg fyrir leyfisveitingu í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Samkvæmt því álitinu hefur notkun efnablöndunnar ekki skaðleg áhrif á þennan nýja dýraflokk. Í álitinu stofnunarinnar er mælt með viðeigandi ráðstöfunum er varða öryggi notenda. Stofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 6) Mat á efnablöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2008 frá 14. mars 2008 um breytingu I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 42, 10.7.2008, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 325, 24.11.2006, bls. 9.

⁽³⁾ Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni sem eru notuð í fóður um öryggi og verkun VevoVital (bensósýru) sem aukefnis í fóður fyrir eldisvín í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003. Samþykkt 7. mars 2007. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2007) 457, bls. 1–14.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi			

Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: Önnur dýraræktaraukefni (lækkandi pH-gildi þvags)

4d210	DSM Special Products	Bensósýra (VevoVitall)	Samsetning aukefnis: Bensósýra ($\geq 99,9\%$) Lýsing á eiginleikum virka efnisins: Bensenkarboxýlsýra, fenýlkarboxýlsýra, $C_7H_6O_2$ CAS-númer 65-85-0 Hámarksgildi: Þalsýra: ≤ 100 mg/kg Bifenýl: ≤ 100 mg/kg Þungmálmar: ≤ 10 mg/kg Arsen: ≤ 2 mg/kg Greiningaraðferð ⁽¹⁾ : Viðsnúinn fasi háþrýstivökvaskiljunar (HPLC) ásamt greiningu með díóðufjólnema (DAD)	Eldissvín	—	5 000	10 000	Í notkunarleiðbeiningum skal tilgreina eftirfarandi: Ekki má gefa eldissvínunum fôðurbæti sem inniheldur óblandaða bensósýru. Fôðurbæti fyrir eldissvín skal blanda vel saman við önnur fôðurefni í daglegum skammti. Varðandi öryggi notenda: gera skal ráðstafanir til að tryggja að aukefnið gefi frá sér eins lítið ryk, sem hægt er að anda að sér, og mögulegt er. Öryggisblað er fánlegt.	22.10.2017
-------	----------------------	---------------------------	--	-----------	---	-------	--------	---	------------

⁽¹⁾ Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fánlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1139/2007

2010/EES/32/22

frá 1. október 2007

um að leyfa L-arginín sem aukefni í fæði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fæði ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um leyfi fyrir aukefnum til nota í fæður ásamt ástæðum og málsmæðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Lögð hefur verið fram umsókn um leyfi fyrir L-arginíni sem aminosýru.
- 3) Þar sem umsókn um leyfi var lögð fram fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var það gert samkvæmt tilskipun ráðsins 82/471/EEB frá 30. júní 1982 um ákveðnar afurðir í dýrafæðu ⁽²⁾. Frá og með 18. október 2004 falla aminosýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Því skal umsóknin teljast tæk sem umsókn skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Til að uppfylla þær kröfur, sem mælt er fyrir um í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, voru lagðar fram viðbótarupplýsingar til stuðnings umsókninni.

5) Umsóknin varðar leyfi fyrir L-arginíni, í aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“ og í virka hópnum „aminósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“, sem aukefni í fæði fyrir allar dýrategundir.

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (stofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 17. apríl 2007 ⁽³⁾ að L-arginín hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu dýra, manna eða umhverfið. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að L-arginín feli ekki í sér aðra áhættu sem kemur í veg fyrir leyfisveitingu í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Stofnunin telur að ekki sé þörf á sérstökum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði skýrslu fyrir stofnunina um aðferðir til að greina aukefni í fæði. Mat á efnablöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“ og virka hópnum „aminósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fæði með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2008 frá 14. mars 2008 um breytingu I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42, 10.7.2008, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/116/EB (Stjtið. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 81).

⁽³⁾ Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni sem eru notuð í fæði um öryggi og verkun vörunnar L-arginín sem er framleidd með gerjun *Corynebacterium glutamicum* (ATCC-13870) fyrir allar dýrategundir. Samþykkt 17. apríl 2007. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2007) 473, bls. 1–19.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur viðbættra næringarefna. Virkur hópur: aminosýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni									
3c3.6.1	—	L-arginín	Lýsing á eiginleikum aukefnisins: L-arginín 98% framleitt með <i>Corynebacterium glutamicum</i> (ATCC 13870) C ₆ H ₁₄ N ₄ O ₂ Greiningaraðferð: Aðferð Bandalagsins til að ákvarða aminosýrur (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/64/EB um breytingu á tilskipun 71/393/EBE ⁽¹⁾)	Allar tegundir	—	—	—	—	22.10.2017

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 257, 19.9.1998, bls. 14.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1140/2007

2010/EES/32/23

frá 1. október 2007

um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. e,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽²⁾, einkum 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður.
- 2) Í 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er mælt fyrir um bráðabirgðaráðstafanir vegna umsókna um leyfi fyrir aukefni í fóðri sem eru lagðar fram í samræmi við tilskipun 70/524/EBE fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsókn um leyfi fyrir nýrri notkun aukefnisins, sem er skráð í viðaukanum við þessa reglugerð, var lögð fram fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Fyrstu athugasemdirnar um þessa umsókn, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE, voru sendar til framkvæmdastjórnarinnar fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Því skal meðhöndla þessa umsókn áfram í samræmi við 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE.

5) Notkun ensímlöndunnar endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með *Aspergillus aculeatus* (CBS 589.94), endó-1,4-beta-glúkanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (CBS 592.94), alfa-amýlasa, framleiddur með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9553), basillólýsins, framleitt með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9554) og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Trichoderma viride* (NIBH FERM BP 4842) var leyft án tímamarka fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2005 ⁽³⁾.

6) Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi til fjögurra ára fyrir þessa efnablöndu fyrir varphænur. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) skilaði álitinu um þá notkun 18. apríl 2007. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr. e í tilskipun 70/524/EBE, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu til bráðabirgða í fjögur ár eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Athugun á umsóknunum sýnir að tilteknaðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum aukefnanna sem eru tilgreind í viðaukunum. Slik vernd skal tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽⁴⁾.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2008 frá 14. mars 2008 um breytingu I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42, 10.7.2008, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1800/2004 (Stjtið. ESB L 317, 16.10.2004, bls. 37).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 57, 3.3.2005, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/30/EB (Stjtið. ESB L 165, 27.6.2007, bls. 21).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir flokknum „ensím“ og tilgreind er í I. viðauka, er leyfð til bráðabirgða í fjögur ár sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Virknieiningar/kg heilföðurs			
Ensím								
53	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-glúkanasi EC 3.2.1.4 Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1 Basillólýsín EC 3.4.24.28 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589.94), endó-1,4-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CBS 592.94), alfa-amýlasi, framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553), basillólýsíns, framleitt með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9554) og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma viride</i> (NIBH FERM BP 4842), með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 2350 U/g ⁽¹⁾ Endó-1,4-beta-glúkanasi: 4000 U/g ⁽²⁾ Alfa-amýlasi: 400 U/g ⁽³⁾ Basillólýsín: 450 U/g ⁽⁴⁾ Endó-1,4-beta-xýlanasi: 20000 U/g ⁽⁵⁾	Varphænur	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 587 Endó-1,4-beta-glúkanasi: 1000 U Alfa-amýlasi: 100 U Basillólýsín: 112 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 5000 U	—	<div>1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggulun.</div> <div>2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: — endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 587-2350 U — endó-1,4-beta-glúkanasi: 1000–4000 U — alfa-amýlasi: 100–400 U — basillólýsín: 112–450 U — endó-1,4-beta-xýlanasi: 5000–20000 U</div> <div>3. Til nota í fæðurböndum, auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og sérstaklega arabinoxýlönnum), t.d. þær sem innihalda yfir 30% af hveiti.</div>	22. október 2011

⁽¹⁾ 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,0056 mikrómol afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH 7,5 og 30 °C.

⁽²⁾ 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,0056 mikrómol afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr karboxýmetýlbeðmi við pH 4,8 og 50 °C.

⁽³⁾ 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol af glúkósa á mínútu úr vixtengdum sterkjufrjölldum við pH 7,5 og 37 °C.

⁽⁴⁾ 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrógramm af asókaseínharfenni á mínútu við pH 7,5 og 37 °C.

⁽⁵⁾ 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,0067 mikrómol afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr xýlani úr birkiviði við pH 5,3 og 50°C.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1141/2007

2010/EES/32/24

frá 1. október 2007

um að leyfa 3-fýtasa (ROVABIO PHY AP og ROVABIO PHY LC) sem aukefni í fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um leyfi fyrir aukefnum til nota í fóður ásamt ástæðum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir efnablöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir efnablöndunni 3-fýtasa, framleiddur með *Penicillium funiculosum* (CBS 111 433) (ROVABIO PHY AP og ROVABIO PHY LC), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem aukefni í fóðri fyrir eldiskjúklinga, varphænur, smágrísi (sem búið er að venja undan) og eldisvín.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (stofnunin) komst að þeirri niðurstöðu á álitinu sínu frá 17. apríl 2007 og 22. mars 2007 að efnablandan 3-fýtasi, framleiddur með *Penicillium funiculosum* (CBS 111 433) (ROVABIO

PHY AP og ROVABIO PHY LC), hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu dýra, manna eða umhverfið⁽²⁾. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að efnablandan feli ekki í sér aðra áhættu sem kemur í veg fyrir leyfisveitingu í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Í álitinu stofnunarinnar er mælt með viðeigandi ráðstöfunum er varða öryggi notenda. Stofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á efnablöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2008 frá 14. mars 2008 um breytingu I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42, 10.7.2008, bls. 1.

(¹) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

(²) Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni sem eru notuð í fóður og álit vísindanefndar um erfðabreyttar lifverur um öryggi og verkun ensímlöndunnaar 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Penicillium funiculosum* (CBS 111 433) (ROVABIO PHY AP og ROVABIO PHY LC), sem aukefni í fóðri fyrir eldiskjúklinga, varphænur, smágrísi (sem búið er að venja undan) og eldisvín í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003. Samþykkt 17. apríl og 22. mars 2007. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2007) 471, 1–29.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni (Viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- ldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a1	Adisseo	3-fýtasi EC 3.1.3.8 (ROVABIO PHY AP og ROVABIO PHY LC)	Samsetning aukefnis: Efnablanda 3-fýtasa, framleiddur með <i>Penicillium funiculosum</i> (CBS 111.433), með virkni að lágmarki: Fast form: 2 500 RPU ⁽¹⁾ /g Vökvaform: 1 000 RPU/ml Lýsing á eiginleikum virka efnisins: 3-fýtasi framleiddur með <i>Penicillium funiculosum</i> (CBS 111 433) Greiningaraðferðir ⁽²⁾ Litmæling sem mælir ólífrænt fosfat sem ensímið leysir úr fýtathvarfefni.	Eldis- kjúklingar	—	350 RPU		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og for-blöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Til nota í föður sem inniheldur yfir 0,23% fýtínbundinn fosfór. 3. Fyrir smágrísi (sem búið er að venja undan) allt að 35 kg af líkamsþyngd. 4. Varðandi öryggi notenda: nota skal öndunarvörn, öryggisgleraugu og -hanska við meðhöndlun. 5. Ráðlagðir skammtar á hvert kílógramm heilföðurs: — eldiskjúklingar: 350–500 RPU, — varphænur: 300–500 RPU, — smágrísir (sem búið er að venja undan) 250–500 RPU, — eldissvín: 350–500 RPU.	22.10.2017
				Varphænur	—	300 RPU			
				Smágrísir (sem búið er að venja undan)	—	250 RPU			
				Eldissvín	—	350 RPU			

⁽¹⁾ 1 RPU er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati sem ensímhvarfefni við skilgreindar aðstæður (pH 5,5 og 37 °C).⁽²⁾ Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1142/2007

2010/EES/32/25

frá 1. október 2007

um leyfi fyrir nýrri notkun 3-fýtasa (Natuphos) sem aukefni í fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um leyfi fyrir aukefnum til nota í fóður ásamt ástæðum og málsmæðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir efnablöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir nýrri notkun ensímböndunnar 3-fýtasa (Natuphos 5 000, Natuphos 5 000 G, Natuphos 5 000 L, Natuphos 10 000 G og Natuphos 10 000 L), framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 101 672), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, fyrir varphænur og eldiskalkúna.

4) Notkun þeirrar ensímböndu var leyfð fyrir smágrísi sem búið er að venja undan, eldisvín og eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 243/2007⁽²⁾.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (stofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 17. apríl 2007 að ensímböndan 3-fýtasi (Natuphos 5 000, Natuphos 5 000 G, Natuphos 5 000 L, Natuphos 10 000 G og Natuphos 10 000 L), framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 101 672), hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu dýra, manna eða umhverfið⁽³⁾. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að efnablöndun feli ekki í sér aðra áhættu sem kemur í veg fyrir leyfisveitingu í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Samkvæmt því álitinu hefur notkun efnablöndunnar ekki skaðleg áhrif á þessa nýju dýraflokka. Í álitinu stofnunarinnar er mælt með viðeigandi ráðstöfunum er varða öryggi notenda. Stofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á efnablöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablöndan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 20. Hinnar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2008 frá 14. mars 2008 um breytingu I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42, 10.7.2008, bls. 1.

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

(2) Stjtið. ESB L 73, 13.3.2007, bls. 4.

(3) Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni sem notuð eru í fóðum um öryggi og verkun ensímböndunnar Natuphos (3-fýtasi), framleiddur með *Aspergillus niger*, fyrir varphænur og kalkúna. Samþykkt 17. apríl 2007. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2007) 472, 1-4.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni (Viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a1600	BASF Aktien- gesellschaft	3-fýtasi EC 3.1.3.8 (Natuphos 5 000 Natuphos 5 000 G Natuphos 5 000 L Natuphos 10 000 G Natuphos 10 000 L)	Samsetning aukefnis: 3-fýtasi, framleiddur með <i>Aspergillus niger</i> (CBS 101 672), með virkni að lágmarki: Fast form: 5 000 FTU ⁽¹⁾ /g Vökvaform: 5 000 FTU/ml Lýsing á eiginleikum virka efnisins: 3-fýtasi, framleiddur með <i>Aspergillus niger</i> (CBS 101 672) Greiningaraðferð ⁽²⁾ Litmæling sem mælir ólífrænt fosfat sem ensímið leysir úr fýtathvarfefni.	Varphænur	—	250 FTU		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymslu- þol og þol við köggulun. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kilógramm heilfóðurs: 300–400 FTU. 3. Til nota í fóður sem inniheldur yfir 0,23% fýtinbundinn fosfór.	22.10.2017
				Eldiskalkúnar		250 FTU		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluþol og þol við köggulun. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kilógramm heilfóðurs: 500 FTU. 3. Til nota í fóður sem inniheldur yfir 0,23% fýtinbundinn fosfór.	

⁽¹⁾ 1 FTU er magn þess ensíms sem leysir 1 míkromól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH 5,5 og 37 °C.⁽²⁾ Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1143/2007

2010/EES/32/26

frá 1. október 2007

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 256/2002 að því er varðar leyfi til að nota í föðri
aukefnablöndu með *Bacillus cereus* var. *toyoi* sem tilheyrir flokki örvera (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri⁽¹⁾,
einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um leyfi fyrir aukefnum til nota í föður ásamt ástæðum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Efnablandan *Bacillus cereus* var. *toyoi* (NCIMB 40112/CNCM I-1012), sem tilheyrir flokki örvera, var leyfð í samræmi við tilskipun ráðsins 70/524/EEB⁽²⁾, einkum með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 256/2002⁽³⁾ án tímamarka fyrir smágrísi, fram að tveggja mánaða aldri, og fyrir gyltur, frá einni viku fyrir got þar til vanið er undan. Aukefnið var síðan fært inn í skrá Bandalagsins yfir aukefni í föðri sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2001.

3) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2001 var lögð fram umsókn um breytingar á leyfi fyrir efnablöndunni til að heimila notkun hennar í föðri fyrir gyltur frá tilhleypingum þar til vanið er undan. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (stofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 7. mars 2007 að efnablandan *Bacillus cereus* var. *toyoi* NCIMB 40112/CNCM I-1012 hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu dýra, manna eða umhverfið⁽⁴⁾. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að efnablandan feli ekki í sér aðra áhættu sem kemur í veg fyrir leyfisveitingu í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Stofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í föðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á efnablöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 256/2002 til samræms við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Í stað III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 256/2002 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2008 frá 14. mars 2008 um breytingu I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42, 10.7.2008, bls. 1.

(¹) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

(²) Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipunin var felld úr gildi með reglugerð (EB) nr. 1831/2003.

(³) Stjtið. EB L 41, 13.2.2002, bls. 6.

(⁴) Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni sem eru notuð í föður um öryggi og verkun vörunnar *Toyocerin* (*Bacillus cereus* var. *Toyoi*) sem aukefni í föður fyrir gyltur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003. Samþykkt 7. mars 2007. Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2007) 458, 1-9.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

Örverur

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Þyrpingafjöldi CFU/kg heilfóðurs			
Örverur								
E 1701	Bacillus cereus var. toyoi NCIMB 40112/CNCM I-1012	Efnablanda Bacillus cereus var. toyoi sem inniheldur að lágmarki 1 × 10 ¹⁰ CFU/g aukefnis	Smágrísir	Tveggja mánaða	1 × 10 ⁹	1 × 10 ⁹	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þ ol við kögglun.	Án tímamarka
			Gyltur	Frá tilhleypingu þar til vanið er undan	0,5 × 10 ⁹	2 × 10 ⁹	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þ ol við kögglun.	Án tímamarka”

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2008/106/EB,

2010/EES/32/27

frá 19. nóvember 2008

um lágmarkspjálfun sjómanna (endurútgefin) (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 2001 um lágmarkspjálfun sjómanna ⁽³⁾ hefur verið breytt verulega nokkrum sinnum ⁽⁴⁾. Þar eð nú er verið að gera frekari breytingar á tilskipuninni er æskilegt, til glöggvunar, að endurútgefa viðkomandi ákvæði.
- 2) Aðgerðir á vettvangi Bandalagsins á sviði siglingaöryggis og mengunarvarna á hafinu skulu vera í samræmi við samþykktar alþjóðareglur og alþjóðastaðla.
- 3) Til að viðhalda og þróa tiltekna þekkingu og hæfni á sviði sjóflutninga í Bandalaginu er mikilvægt að gefa menntun og þjálfun sjómanna og stöðu þeirra í Bandalaginu tilhlýðilegan gaum.

4) Í þágu siglingaöryggis skal tryggja samræmdar reglur um þjálfun sem liggur að baki útgáfu atvinnuskírteina sjómanna.

5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi ⁽⁵⁾ gildir um starfsgreinar á sjó sem falla undir þessa tilskipun. Hún mun stuðla að því að staðið sé við skuldbindingar, sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, um að afnema höft á frjálsri för fólks og frjálsri þjónustustarfsemi milli aðildarríkjanna.

6) Gagnkvæm viðurkenning á prófskírteinum og vottorðum, sem kveðið er á um í tilskipun 2005/36/EB, tryggir ekki alltaf samræmda þjálfun sjómanna sem starfa um borð í skipum er sigla undir fána aðildarríkis. Það er, engu að síður, afar mikilvægt til að tryggja siglingaöryggi.

7) Því er nauðsynlegt að skilgreina lágmarkspjálfun sjómanna í Bandalaginu. Byggja skal þá lágmarkspjálfun á stöðlum um menntun og þjálfun, sem þegar hafa hlotið alþjóðlegt samþykki, einkum samþykkt Alþjóðasiglinga-málastofnunarinnar (IMO) frá 1978 um menntun og þjálfun, skirteini og vaktstöður sjómanna (STCW-samþykktin) með breytingum frá 1995. Öll aðildarríkin eiga aðild að þessari samþykkt.

8) Aðildarríkin geta sett staðla sem eru strangari en þeir lágmarksstaðlar sem mælt er fyrir um í STCW-samþykktinni og þessari tilskipun.

9) Til viðbótar við reglur STCW-samþykktarinnar, sem fylgja með í viðauka við þessa tilskipun, skulu koma lögboðin ákvæði í A-hluta kóðans um menntun og þjálfun, skirteini og vaktstöður sjómanna (STCW-kóðinn). Í B-hluta STCW-kóðans eru leiðbeinandi tilmæli fyrir aðila að STCW-samþykktinni og þá sem annast framkvæmd, beitingu eða fullnustu ráðstafana sem fjallað er um í henni og eiga að tryggja að samþykktin komist að fullu til framkvæmda með samræmdum hætti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 47, 3.9.2009, bls. 21.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 151, 17.6.2008, bls. 35.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 17. júní 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 20. október 2008.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 136, 18.5.2001, bls. 17.

⁽⁴⁾ Sjá A-hluta III. viðauka.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22.

- 10) Til að bæta siglingaöryggi og auka mengunarvarnir á hafinu skal setja í þessa tilskipun, í samræmi við STCW-samþykktina, ákvæði um lágmarkshvildartíma starfsmanna sem standa vaktir. Þessum ákvæðum skal beitt með fyrirvara um ákvæði tilskipunar ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST) ⁽¹⁾.
- 11) Aðildarríkin skulu gera sértækar ráðstafanir og framfylgja þeim til þess að koma í veg fyrir og refsa fyrir sviksamlegt athæfi, sem tengist atvinnuskirteinum, auk þess að beita sér fyrir því á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að ná framfylgjanlegum samningum sem innihalda ströng ákvæði um alþjóðlega baráttu gegn slíku athæfi.
- 12) Bæta skal samskipti skipverja um borð í skipum sem sigla á hafsvæðum Bandalagsins til þess að auka siglingaöryggi og koma í veg fyrir manntjón og mengun sjávar.
- 13) Skipverjar farþegaskipa, sem tilnefndir eru til að aðstoða farþega ef neyðarástand skapast, skulu vera hæfir til að eiga samskipti við farþegana.
- 14) Áhafnir tankskipa, sem flytja skaðlegan eða mengandi farm, skulu í stakk búna til að koma í veg fyrir slys með öruggum hætti og bregðast við neyðarástandi. Mest um vert er að réttum boðleiðum sé komið á milli skipstjóra, yfirmanna og undirmanna sem hæfa þeim kröfum sem kveðið er á um í þessari tilskipun.
- 15) Nauðsynlegt er að tryggja að hæfni sjómanna, sem eru handhafar skírteina útgefinna í þriðju löndum og starfa um borð í skipum Bandalagsins, sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt STCW-samþykktinni. Í þessari tilskipun skal mælt fyrir um verklagsreglur og sameiginlegar viðmiðanir fyrir viðurkenningu aðildarríkjanna á skirteinum, sem þriðju lönd gefa út og byggjast á kröfum varðandi menntun og þjálfun og skirteinisútgáfu sem samþykktar hafa verið innan ramma STCW-samþykktarinnar.
- 16) Í þágu öryggis á sjó skulu aðildarríkin því aðeins viðurkenna skirteini, sem færa sönnur á að tilskilinni menntun og þjálfun sé lokið, að aðilar að STCW-samþykktinni, eða aðrir fyrir þeirra hönd, hafi gefið þau út og siglingaöryggisnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar gengið úr skugga um að þeir hafi uppfyllt og haldi áfram að uppfylla staðlana sem samþykktin fjallar um. Nauðsynlegt er að koma á bráðabirgða-viðurkenningu skírteina þar til nefnd
- Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar hefur gefist ráðrúm til að sannreyna hvort farið sé að viðmiðunum.
- 17) Hafa skal eftirlit með menntastofnunum, námsbrautum og námskeiðum fyrir sjómenn, eftir því sem við á. Ennfremur skal setja viðmiðanir fyrir slíkt eftirlit.
- 18) Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar við að innkaupa hendi störf í tengslum við viðurkenningu skilríkja sem menntastofnanir eða stjórnvöld í þriðju löndum gefa út.
- 19) Siglingaöryggisstofnun Evrópu, sem sett var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 ⁽²⁾, skal aðstoða framkvæmdastjórnina við að sannreyna að aðildarríkin fari að kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
- 20) Aðildarríkjunum ber skylda til, sem hafnaryfirvöldum, að auka öryggi og koma í veg fyrir mengun á hafsvæðum Bandalagsins með forgangsskoðun skipa, sem sigla undir fána þriðja lands, sem hefur ekki fullgilt STCW-samþykktina, og um leið tryggja að skip, sem sigla undir fána þriðja lands, hljóti ekki hagstæðari meðferð.
- 21) Rétt er að setja í þessa tilskipun ákvæði um hafnaríkiseftirlit uns breytingar hafa verið gerðar á tilskipun ráðsins 95/21/EB ⁽³⁾ um hafnaríkiseftirlit skipa þannig að ákvæði um hafnaríkiseftirlit í þessari tilskipun færist í þessa tilskipun.
- 22) Nauðsynlegt er að kveða á um málsmeðferð við aðlögun á þessari tilskipun að breytingum á alþjóðasamningum og kóðum.
- 23) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari tilskipun í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽⁴⁾.
- 24) Framkvæmdastjórninni skal einkum veitt heimild til þess að gera breytingar á þessari tilskipun í því skyni að beita, að því er þessa tilskipun varðar, síðari breytingum á tilteknum alþjóðakóðum og hvers konar viðeigandi breytingum á löggjöf Bandalagsins. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar verður að samþykkja þær í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með athugun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 25) Nýju atriðin, sem innleidd eru í þessari tilskipun, varða einungis nefndarmeðferðina. Þar af leiðandi þurfa aðildarríkin ekki að lögleiða þau.

⁽²⁾ Stjótið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 1.⁽³⁾ Stjótið. EB L 157, 7.7.1995, bls. 1.⁽⁴⁾ Stjótið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.⁽¹⁾ (1) Stjótið. EB L 167, 2.7.1999, bls. 33.

26) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta III. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „skipstjóri“: sá sem hefur á hendi yfirstjórn skips,
2. „yfirmaður“: skipverji, annar en skipstjóri, sem er tilgreindur sem slíkur í landslögum eða landsreglum eða samkvæmt almennum kjarasamningi eða venjum þegar hinu er ekki til að dreifa,
3. „yfirmaður á þilfari“: yfirmaður sem hefur menntun og hæfi í samræmi við ákvæði II. kafla I. viðauka,
4. „yfirstýrimaður“: sá yfirmaður sem gengur næst skipstjóra og tekur við stjórn skips í forföllum skipstjóra,
5. „vélstjóri“: yfirmaður sem hefur menntun og hæfi í samræmi við ákvæði III. kafla I. viðauka,
6. „yfirvélstjóri“: vélstjóri sem er æðstur að tign og ber ábyrgð á vélunum, sem knýja skipið, og á rekstri og viðhaldi véla og rafbúnaðar í skipinu,
7. „2. vélstjóri“: vélstjóri sem gengur næst yfirvélstjóra og ber ábyrgð á vélbúnaði skipsins og rekstri og viðhaldi véla og rafbúnaðar í forföllum yfirvélstjóra,
8. „aðstoðarvélstjóri“: maður í þjálfun til starfa sem vélstjóri og er skilgreindur sem slíkur í landslögum eða landsreglum,
9. „fjarskiptamaður“: maður sem hefur undir höndum viðeigandi skírteini sem gefið er út eða viðurkennt af lögbæru yfirvaldi í samræmi við ákvæði alþjóða-fjarskiptareglanna,
10. „undirmaður“: skipverji annar en skipstjóri eða yfirmaður,
11. „hafskip“: öll skip að undanskildum þeim sem einungis er siglt á skipgengum vatnaleiðum eða sjóleiðum í eða nærri vari eða svæðum þar sem reglur um siglingar í höfnum gilda,
12. „skip sem siglir undir fána aðildarríkis“: skip sem er skráð í aðildarríki og sem siglir undir fána aðildarríkis í samræmi við löggjöf þess; skip sem þessi skilgreining á ekki við um telst vera skip sem siglir undir fána þriðja lands,
13. „strandsiglingar“: siglingar í nágrenni aðildarríkis samkvæmt skilgreiningu þess ríkis,
14. „knúningsafl“: samanlögð samfelld hámarksnafnaflsafköst allra aðalvéla skipsins í kílóvöttum, eins og þau eru skráð í skráningar skírteini skipsins eða öðrum opinberum skjölum,
15. „olíuflutningaskip“: skip sem er smíðað og notað til búlkaflutninga á jarðolíu og jarðolíuafurðum,
16. „efnaflutningaskip“: skip sem er smíðað eða breytt og notað til búlkaflutninga á einhverjum þeim fljótandi efnum sem talin eru upp í 17. kafla alþjóðlega kóðans um efnaflutningaskip, í uppfærðri útgáfu,
17. „gasflutningaskip“: skip sem er smíðað eða breytt og notað til búlkaflutninga á einhverjum þeim fljótandi gastegundum eða annarri vöru sem talin er upp í 19. kafla alþjóðlega kóðans um gasflutningaskip, í uppfærðri útgáfu,
18. „alþjóðafjarskiptareglurnar“: endurskoðaðar alþjóða-fjarskiptareglur, sem Alþjóðaloftskeytaráðstefnan um stjórnsýslu á sviði farstöðvaþjónustu hefur samþykkt, í uppfærðri útgáfu,
19. „farþegaskip“: hafskip sem flytur fleiri en 12 farþega,
20. „fiskiskip“: skip til fiskveiða eða til að afla annars lifandi sjávarfangs,
21. „STCW-samþykktin“: samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar frá 1978 um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, að því leyti sem hann gildir um þau málefni sem um ræðir, að teknu tilliti til bráðabirgðaákvæða VII. gr. og reglu I/15 í samþykktinni svo og, eftir því sem við á, viðeigandi ákvæða STCW-kóðans sem skulu gilda í uppfærðri útgáfu,
22. „fjarskiptastörf“: ná eftir því sem við á til vaktstöðu, viðhalds og viðgerða á tækjabúnaði sem fer fram í samræmi við alþjóðafjarskiptareglurnar, alþjóðasamning frá 1974 um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS-samþykktina) og, samkvæmt ákvörðun hvers aðildarríkis, viðeigandi tilmæli Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í uppfærðum útgáfum,

23. „ekjufarþegaskip“: farþegaskip með ekjufarmrými eða sérstöku rými eins og það er skilgreint í alþjóðasamningi um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS-samþykktinni), í uppfærðri útgáfu,
24. „STCW-kóðinn“: kóði um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna eins og hann var samþykktur með 2. ályktun ráðstefnu aðila að STCW-samþykktinni árið 1995, í uppfærðri útgáfu,
25. „starf/starfssvið“: ýmiss konar verkefni, skyldustörf og ábyrgð sem eru skilgreind í STCW-kóðanum og nauðsynlegt er að inna af hendi við rekstur skipsins, vegna öryggis mannlífa á hafinu eða til verndar umhverfi sjávar,
26. „félag“: eigandi skipsins eða hvers konar önnur samtök eða einstaklingur, til að mynda forstjóri eða þurrleigutaki, sem tekið hefur við ábyrgð á rekstri skipsins úr höndum eiganda þess og hefur þar með samþykkt að takast á hendur öll þau skyldustörf og alla þá ábyrgð sem þessi tilskipun leggur á félagið,
27. „viðeigandi skírteini“: skírteini sem er gefið út og áritað í samræmi við ákvæðin í þessari tilskipun og veitir lögmætum handhafa þess rétt til að takast á hendur störf á því starfssviði og þá ábyrgðarstigi, sem er tilgreint í skírteininu, á skipi þeirrar gerðar og stærðar og með því vélarafl og þeirri tegund knúningsbúnaðar sem er notaður í viðkomandi sjóferð,
28. „siglingatími“: tími við störf um borð í skipi sem er krafist vegna útgáfu skírteinis eða veitingar annarra starfsréttinda,
29. „viðurkennt“: það sem aðildarríki hefur viðurkennt í samræmi við þessa tilskipun,
30. „þriðja land“: land sem er ekki aðildarríki,
31. „mánuður“: almanaksmánuður eða mánaðarhlutar sem eru 30 dagar samtals.

2. gr.

Gildissvið

Tilskipun þessi gildir um þá sjómenn sem um getur í tilskipuninni og gegna störfum um borð í hafskipum sem sigla undir fána aðildarríkis, að undanskildum:

- herskipum eða hjálparskipum í flota eða öðrum skipum í eigu eða rekstri aðildarríkis sem eru einungis starfrækt af hinu opinbera og ekki í atvinnuskyni,
- fiskiskipum,
- skemmtisnekkjum sem ekki eru nýttar í atvinnuskyni,

d) tréskipum með frumstæðu byggingarlagi.

3. gr.

Menntun og þjálfun og útgáfa atvinnuskírteina

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að sjómenn, sem starfa á skipi eins og um getur í 2. gr., hafi lágmarkspjálfun í samræmi við kröfur STCW-samþykktarinnar, eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa tilskipun, og skírteini samkvæmt skilgreiningu í 4. gr. eða viðeigandi skírteini samkvæmt skilgreiningu í 27. mgr. 1. gr.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeir skipverjar sem verða að hafa undir höndum skírteini í samræmi við reglu III/10.4 í SOLAS-samþykktinni hafi fengið menntun og þjálfun og skírteini í samræmi við þessa tilskipun.

4. gr.

Skírteini

Með skírteini er átt við gilt skjal, hvaða nafni sem það kann að nefnast, sem lögbært yfirvald í aðildarríki gefur út eða heimilar að sé gefið út í samræmi við 5. gr. og kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

5. gr.

Skírteini og áritanir

- Gefa skal út skírteini í samræmi við 11. gr.
- Aðildarríkið skal árita skírteini fyrir skipstjóra, yfirmenn og fjarskiptamenn eins og mælt er fyrir um í þessari grein.
- Skírteini skulu gefin út í samræmi við 1. mgr. reglu I/2 í STCW-samþykktinni.
- Hvað fjarskiptamenn snertir mega aðildarríkin:
 - áskilja að til prófs, er veitir rétt til útgáfu skírteinis í samræmi við alþjóðafjarskiptareglurnar, skuli krafist þeirrar viðbótarþekkingar sem kröfur eru gerðar um í viðeigandi reglum eða
 - gefa út sérstakt skírteini sem vottar að handhafi hafi þá viðbótarþekkingu sem kröfur eru gerðar um í viðeigandi reglum.
- Óski aðildarríki eftir því má fella áritunina inn í sjálft skírteinið, sem er gefið út, eins og kveðið er á um í þætti A-I/2 í STCW-kóðanum. Ef þetta er gert skal nota eyðublaðið sem sett er fram í 1. mgr. þáttar A-I/2. Ef áritunin er veitt á annan hátt skal nota eyðublaðið sem er sett fram í 2. mgr. sama þáttar. Áritanir eru veittar í samræmi við 2. mgr. VI. gr. í STCW-samþykktinni.

6. Aðildarríki, sem viðurkennir skirteini samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 19. gr., skal árita skirteinið til að staðfesta viðurkenningu þess. Eyðublað fyrir áritun skal vera það sem er sett fram í 3. þáttar A-I/2 í STCW-kóðanum.

7. Áritanirnar sem vísað er til í 5. og 6. mgr.:

- a) má gefa út sem sérstök skjöl,
- b) skulu tölusettar hver með sinni tölu en þó mega áritanir, sem staðfesta útgáfu skirteinis, hafa sama númer og skirteinið sjálft enda sé númerið sérstakt fyrir þessi tvö skjöl og
- c) skulu falla úr gildi um leið og áritað skirteini rennur út eða þegar það er afturkallað, felld úr gildi tímabundið eða ógilt af hálfu aðildarríkisins eða þriðja landsins, sem gaf það út, og eigi síðar en fimm árum eftir útgáfudag.

8. Starfið, sem handhafa skirteinis er heimilt að sinna, skal tilgreina í áritunarskjalinu með sama orðalagi og notað er í gildandi reglum viðkomandi aðildarríkis um öryggismönnun.

9. Aðildarríki er heimilt að nota annað form en það sem mælt er fyrir um í þætti A-I/2 í STCW-kóðanum enda sé þeim lágmarksskilyrðum fullnægt að nauðsynlegar upplýsingar séu ritaðar með latneskum bókstöfum og arabískum tölustöfum, með þeim frávikum sem leyfileg eru samkvæmt þætti A-I/2.

10. Með fyrirvara um ákvæði 7. mgr. 19. gr. skal geyma frumrit allra skirteina, sem tilskipunin kveður á um, um borð í skipinu sem handhafi starfar á.

6. gr.

Kröfur um menntun og þjálfun

Menntun og þjálfun, sem krafist er skv. 3. gr., skal vera með þeim hætti sem samræmist kröfum um fræðilega þekkingu og verklega hæfni í I. viðauka, ekki síst hvað varðar meðhöndlun björgunarbúnaðar og slökkvibúnaðar, og samþykkt af þar til bærur yfirvaldi eða stofnun sem hvert aðildarríki tilnefnir.

7. gr.

Meginreglur um strandsiglingar

1. Aðildarríki, sem setja reglur um strandsiglingar, skulu ekki gera strangari kröfur, varðandi menntun og þjálfun, reynslu eða útgáfu atvinnuskirteina, til sjómanna á skipum, sem mega sigla undir fána annars aðildarríkis eða annars aðila að STCW-samþykktinni og eru notuð til slíkra siglinga, en til sjómanna á skipum sem mega sigla undir fána aðildarríkisins sjálfs. Aðildarríki skal aldrei gera strangari kröfur til sjómanna, sem starfa um borð í skipum er sigla undir fána annars aðildarríkis

eða annars aðila að STCW-samþykktinni, en eru gerðar í tilskipuninni vegna skipa sem stunda ekki strandsiglingar.

2. Þegar um er að ræða skip, sem mega sigla undir fána aðildarríkis og stunda reglulegar strandsiglingar við strendur annars aðildarríkis eða annars aðila að STCW-samþykktinni, skal aðildarríkið, sem er fánaríki viðkomandi skips, gera kröfur, varðandi menntun og þjálfun, reynslu og útgáfu atvinnuskirteina, til sjómanna á slíkum skipum, sem jafngilda a.m.k. kröfum aðildarríkisins eða aðilans að STCW-samþykktinni þar sem skipið siglir, enda séu þær ekki strangari en kröfur sem eru gerðar í tilskipuninni vegna skipa sem stunda ekki strandsiglingar. Sjómenn á skipi, sem leggur í lengri siglingu en aðildarríki skilgreinir sem strandsiglingu og fer um hafsvæði sem sú skilgreining nær ekki til, skulu uppfylla viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

3. Aðildarríki er heimilt að veita skipi, sem má sigla undir fána þess, þau réttindi, sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar tilskipunar, vegna strandsiglinga ef það stundar reglulegar strandsiglingar, eins og aðildarríkið skilgreinir þær, við strendur ríkis sem er ekki aðili að STCW-samþykktinni.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um ákvæði sem þau hafa samþykkt varðandi skilgreiningu á strandsiglingum og skilyrði um menntun og þjálfun til þeirra í samræmi við kröfur 1., 2. og 3. mgr.

8. gr.

Komið í veg fyrir svik og annað ólögmætt athæfi

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir og framfylgja þeim til þess að koma í veg fyrir sviksamlegt athæfi og annað ólögmætt athæfi í tengslum við útgáfu skirteina eða skirteini sem lögbær yfirvöld þeirra gefa út og árita og skulu ákveða refsingu sem er skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hefur letjandi áhrif.

2. Aðildarríkin skulu tilnefna landsyfirvöld sem eru til þess bær að koma upp um og berjast gegn svikum og öðru ólögmætu athæfi og að skiptast á upplýsingum við lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja og þriðju landa vegna útgáfu á skirteinum sjómanna.

Aðildarríkin skulu þegar í stað koma upplýsingum um slík lögbær landsyfirvöld á framfæri við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina.

Aðildarríkin skulu þegar í stað koma upplýsingum um slík lögbær landsyfirvöld á framfæri við þriðju lönd sem þau hafa gert samkomulag við í samræmi við lið 1.2 í reglu I/10 í STCW-samþykktinni.

3. Að beiðni gístiaðildarríkis skulu lögbær yfirvöld annars aðildarríkis útvega skriflega staðfestingu eða neitun á því að skírteini sjómanna, samsvarandi áritun eða önnur skrifleg sönnunargögn um þjálfun, sem gefin eru út í því aðildarríki, séu ósvikin.

10. gr.

Gæðastaðlar

9. gr.

Viðurlög og agabætandi ráðstafanir

1. Aðildarríkin skulu ákveða starfsaðferðir og málsmeðferð við óhlutdræga rannsókn á þeim tilvikum þegar tilkynnt er um hvers konar vanhæfi, athæfi eða vanrækslu, sem getur beinlínis verið hættuleg mannlífum eða eignum á sjó ellegar umhverfi sjávar, af hálfu handhafa skírteina eða áritana sem viðkomandi aðildarríki hefur gefið út vegna skyldustarfa sem innt eru af hendi í krafti skírteinanna, svo og við afturköllun, tímabundna niðurfellingu og ógildingu slíkra skírteina af þessum ástæðum og til að koma í veg fyrir svik.

2. Sérhvert aðildarríki skal mæla fyrir um viðurlög eða agabætandi ráðstafanir vegna brota á þeim ákvæðum landslaga, sem eru sett til framkvæmdar þessari tilskipun, að því er varðar skip sem mega sigla undir fána þess eða sjómenn sem eru handhafar skírteina frá sama aðildarríki.

3. Einkum skal mæla fyrir um viðurlög eða agabætandi ráðstafanir af því tagi og framfylgja þeim fyrir eftirtalin tilvik:

- a) félag eða skipstjóri ræður mann sem er ekki handhafi skírteinis í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar,
- b) skipstjóri leyfir að starf eða verkefni, sem er krafist í þessari tilskipun að maður með viðeigandi skírteini sinni eða gegni, sé fengið í hendur manni sem er ekki handhafi tilskilins skírteinis, gildir undanþágu eða skriflegs sönnunargagns sem er krafist í 7. mgr. 19. gr. eða
- c) maður hefur með svikum eða í krafti falsaðra skjala verið ráðinn til að sinna einhverju því starfi eða gegna einhverri þeirri stöðu sem er krafist í þessari tilskipun að maður með viðeigandi skírteini eða undanþágu sinni eða gegni.

4. Þegar innan lögsögu aðildarríkis er að finna félag eða einstakling, sem greinilegar ástæður eru til að ætla að beri ábyrgð á meintu broti á þessari tilskipun, af því tagi sem er tilgreint í 3. mgr., eða hafi vitneskju um það, skal það aðildarríki aðstoða annað aðildarríki eða annan aðila að STCW-samþykktinni sem tilkynnir um þá ætlun sína að hefja málsókn innan lögsögu sinnar.

1. Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess:

- a) að allt starf við menntun og þjálfun, hæfnismat, útgáfu atvinnuskírteina, áritun og endurnýjun, sem fram fer hjá óopinberum eða opinberum stofnunum, sé háð stöðugu eftirliti með aðstoð gæðastaðlakerfis til að tryggja að þau markmið náist sem hafa verið sett, þar á meðal markmið um menntun og hæfi og starfsreynslu leiðbeinenda og matsmanna,
- b) að hjá þeim opinberu stofnunum eða aðilum, sem sinna slíkum verkefnum, sé stuðst við gæðastaðlakerfi,
- c) að markmið um menntun og þjálfun og tengdir gæðastaðlar um hæfni séu skýrt skilgreind og tilgreini stig þekkingar, skilnings og færni sem nauðsynlegt er að próf og mat, sem er krafist samkvæmt STCW-samþykktinni, leiði í ljós,
- d) að gildissvið gæðastaðla nái til umsjónar með útgáfu atvinnuskírteina, hvers konar þjálfunarnámskeiða og námsbrauta, prófa og mats á vegum eða undir umsjón yfirvalda hvers aðildarríkis og hæfis og starfsreynslu leiðbeinenda og matsmanna, að teknu tilliti til stefnumiða, kerfa, eftirlits og innra gæðatryggingareftirlits sem er komið á til að tryggja að skilgreindum markmiðum sé náð.

Tilgreina má markmið og tengda gæðastaðla, sem um getur í c-lið 1. liðar, sérstaklega fyrir hvert námskeið og hverja námsbraut og skulu þau taka til umsjónar útgáfu atvinnuskírteina.

2. Aðildarríkin skulu einnig sjá til þess að hæfir menn, sem gegna ekki sjálfir þessum störfum, geri óháða úttekt á starfsemi, er varðar öflun og mat á þekkingu, skilningi, færni og hæfni svo og umsjón með útgáfu atvinnuskírteina, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti til að sannreyna:

- a) að allar innri ráðstafanir varðandi rekstrarstýringu og eftirlit, svo og aðgerðir í framhaldi af þeim, séu í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og skjalfesta málsmeðferð og tryggi að skilgreindum markmiðum verði náð,
- b) að niðurstöður óháðrar úttektar verði skráðar hverju sinni og athygli þeirra sem annast sviðið, sem matið nær til, vakin á þeim,
- c) að ráðstafanir séu gerðar tímanlega til að ráða bót á annmörkum.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki skal, innan sex mánaða frá úttektardegi, senda framkvæmdastjórninni skýrslu um hverja þá úttekt sem fer fram skv. 2. mgr.

12. gr.

Endurnýjun skirteina

11. gr.

Heilbrigðisstaðlar — útgáfa og skráning skirteina

1. Aðildarríkin skulu setja staðla um heilbrigði sjómanna, einkum um sjón þeirra og heyrn.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skirteini fái þeir umsækjendur einir sem fullnægja skilyrðum þessarar greinar.

3. Umsækjandi um útgáfu atvinnuskirteinis skal færa viðhlítandi sönnur á:

- a) hver hann er,
- b) að hann sé ekki yngri en tilskilið er í reglunum í I. viðauka sem fjallar um skirteinið sem sótt er um,
- c) að hann fullnægi þeim heilbrigðisstöðlum, einkum um sjón og heyrn, sem aðildarríkið hefur sett og hafi undir höndum gilt heilbrigðisvottorð frá lækni með lækningaleyfi sem lögbær yfirvöld í aðildarríkinu viðurkenna,
- d) að hann hafi að baki þann siglingatíma og annað skyldunám og skylduþjálfun sem er tilskilin samkvæmt reglunum í I. viðauka vegna skirteinisins sem sótt er um,
- e) að hann fullnægi þeim hæfnisstöðlum sem mælt er fyrir um í reglunum í I. viðauka hvað varðar stöður, störf og starfstígn sem tilgreina skal í áritunarskjali með skirteininu.

4. Sérhvert aðildarríki skal takast á hendur:

- a) að halda skrá eða skrár yfir öll skirteini og allar áritanir skipstjóra og yfirmanna, svo og undirmanna eftir því sem við á, sem gefin eru út, eru útrunnin eða hafa verið endurnýjuð, felld úr gildi tímabundið, ógilt eða sem tilkynnt hefur verið að séu týnd eða ónýtt, og yfir undanþágur sem gefnar eru út,
- b) að gera upplýsingar um stöðu slíkra skirteina, áritana og undanþágna aðgengilegar öðrum aðildarríkjum eða öðrum aðilum að STCW-samþykktinni og félögum sem vilja sannreyna að þau skirteini séu ósvikin og gild sem sjómenn leggja fram hjá þeim til að fá skirteini sín viðurkennd eða til að geta skráð sig á skip.

1. Hverjum þeim skipstjóra, yfirmanni eða fjarskiptamanni, sem er handhafi skirteinis, sem hefur verið útgefið eða viðurkennt í samræmi við einhvern kafla í I. viðauka, annan en VI. kafla, og starfar á sjó eða hyggst hverfa aftur til slíkra starfa eftir nokkurn tíma í landi, skal gert að sýna fram á það, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, að hann uppfylli eftirtalin skilyrði til að halda réttindum sínum til starfa á sjó:

- a) að hann fullnægi heilbrigðisstöðlunum, sem mælt er fyrir um í 11. gr., og
- b) að fagleg hæfni hans sé enn fullnægjandi samkvæmt þætti A-I/11 í STCW-kóðanum.

2. Hver sá skipstjóri, yfirmaður eða fjarskiptamaður, sem vill gegna áfram störfum um borð í skipi, sem sérstakar menntunar- og þjálfunarkröfur hafa verið settar um með alþjóðlegu samkomulagi, verður að ljúka viðeigandi menntun og þjálfun með fullnægjandi árangri.

3. Sérhvert aðildarríki skal bera saman þá hæfnisstaðla, sem settir voru vegna umsækjenda um skirteini sem eru gefin út fyrir 1. febrúar 2002, og hæfnisstaðlana, sem eru tilgreindir fyrir viðeigandi skirteini í A-hluta STCW-kóðans, og ákveða hvort krefjast þarf, af handhöfum slíkra skirteina, að þeir gangist undir viðeigandi upprifjun og endurmenntun eða hæfnismat.

Viðurkenna skal upprifjunar- og uppfærslunámskeið og í þeim skal m.a. fjallað um breytingar á viðeigandi landsreglum og alþjóðlegum reglum um öryggi mannlífa á hafinu og verndun umhverfis sjávar og tekið mið af hvers konar uppfærslum á þessum hæfnisstöðlum.

4. Sérhvert aðildarríki skal, í samráði við þá sem málið varðar, skipuleggja eða láta skipuleggja upprifjunar- og uppfærslunámskeið í samræmi við þátt A-I/11 í STCW-kóðanum.

5. Með það fyrir augum að uppfæra þekkingu skipstjóra, yfirmanna og fjarskiptamanna skulu aðildarríkin sjá til þess að texti nýlegra breytinga á landsreglum og alþjóðlegum reglum um öryggi mannlífa á hafinu og verndun umhverfis sjávar sé aðgengilegur þeim sem mega sigla undir fana þeirra.

13. gr.

Notkun herma

1. Staðlar um afköst og önnur ákvæði, sem eru sett fram í þætti A-I/12 STWC-kóðans, og aðrar kröfur, sem mælt er fyrir um í A-hluta STCW-kóðans vegna einhvers þeirra skirteina sem þar er fjallað um, skulu öll uppfyllt:

- a) vegna allrar lögboðinnar menntunar og þjálfunar með notkun hermís,
 - b) vegna hvers konar hæfnismats sem er krafist í A-hluta STCW-kóðans og fram fer með notkun hermís,
 - c) vegna hvers konar notkunar hermís til að sýna fram á að kunnáttu hafi verið haldið við eins og krafist er í A-hluta STCW-kóðans.
2. Óski aðildarríki eftir því er ekki nauðsynlegt að hermar, sem eru settir upp eða teknir í notkun fyrir 1. febrúar 2002, uppfylli í einu og öllu staðlana um afköst sem um getur í 1. mgr.

14. gr.

Ábyrgð félaga

1. Í samræmi við 2. og 3. mgr. skulu aðildarríkin gera félög ábyrg fyrir því að sjómönnum sé skipað til starfa á skipum þeirra í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og krefjast þess að sérhvert félag sjái til þess:

- a) að allir sjómenn, sem eru settir til starfa á skipum félagsins, séu handhafar viðeigandi skírteinis í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og ákvarðanir aðildarríkisins,
- b) að skip félagsins séu mönnuð í samræmi við gildandi kröfur aðildarríkisins um öryggismönnun,
- c) að skjölum og gögnum um alla sjómenn, sem starfa á skipum félagsins, sé haldið við og þau gerð aðgengileg og í þeim sé m.a. að finna skjöl og gögn um reynslu þeirra, menntun og þjálfun, heilbrigði og hæfni til þeirra verka sem þeim hafa verið falin og er þetta ekki tæmandi upptalning,
- d) að þegar sjómenn eru skráðir á skip félagsins fái þeir vitneskju um skyldustörf sín og allt það sem lýtur að tilhögun, búnaði, tækjum, starfsaðferðum og sérstökum eiginðum skipsins og máli skipfir fyrir dagleg skyldustörf þeirra eða hlutverk í neyðartilvikum,
- e) að allir skipverjar geti, með skilvirkum hætti, samræmt athafnir sínar í neyðartilvikum og við störf sem eru nauðsynleg vegna öryggis eða til að fyrirbyggja eða draga úr mengun.

2. Sérhvert félag, skipstjóri og skipverji skal ábyrgjast að staðið sé að öllu leyti við þær skuldbindingar sem eru settar fram í þessari grein og að gerðar séu hverjar þær ráðstafanir aðrar sem nauðsynlegar teljast til að tryggja að sérhver skipverji geti af kunnáttu gætt öryggis við rekstur skipsins.

3. Félagið skal láta skipstjóra sérhvers skips, sem þessi tilskipun á við um, í té skriflegar leiðbeiningar þar sem fram koma stefnumið og starfsreglur sem fylgja ber í því skyni að

tryggja að allir nýliðar um borð fái eðlilegt tækifæri til að kynna sér búnað um borð í skipinu, verklagsreglur og aðra tilhögun, sem er nauðsynleg vegna starfans, áður en störf hefjast. Í stefnumiðum og verklagsreglum skal m.a. fjallað um:

- a) að nýliði skuli fá hæfilegan tíma til að kynna sér:

- i. þann búnað sem hann kemur til með að nota eða stjórna og

- ii. verklagsreglur og fyrirkomulag varðandi vaktstöður, öryggi, umhverfisvernd og neyðartilvik sem varða skipið sérstaklega og skipverji verður að kunna skil á til að geta gegnt skyldustörfum sínum með fullnægjandi hætti,

- b) útnefningu reynds skipverja sem skal sjá til þess að nýliða sé gefið færi á að taka við mikilvægum upplýsingum á tungumáli sem hann skilur.

15. gr.

Vinnufærni

1. Með það fyrir augum að koma í veg fyrir þreytu skulu aðildarríkin setja reglur um hvíldartíma þeirra sem standa vaktir og sjá til þess að þeim sé framfylgt og gera um það kröfur að tilhögun á vöktum sé með þeim hætti að þreyta dragi ekki úr árvekni þeirra sem standa vaktir og að skyldustörf séu skipulögð með þeim hætti að þeir sem taka fyrstu vakt í upphafi sjóferðar og síðan þeir sem leysa af séu nægilega hvíldir og að öllu leyti færir um að gegna skyldustörfum.

2. Tryggja skal yfirmönnum á vakt og undirmönnum, sem gegna störfum á vakt, a.m.k. 10 klukkustunda hvíld á sólarhring.

3. Hvíldartíma má ekki skipta upp í meira en tvo hluta og skal annar hvor hluti hvíldartímans vera a.m.k. sex klukkustundir.

4. Víkja má frá kröfum um hvíldartíma, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr., í neyðartilvikum eða á æfingum eða ef það er afar brýnt vegna starfsemi um borð í skipinu.

5. Þrátt fyrir 2. og 3. mgr. má stytta 10 klukkustunda lágmarkshvildartímann, en þó ekki í færri en sex samfelldar klukkustundir, svo fremi slík stytting vari ekki lengur en í tvo sólarhringa og að tryggð sé a.m.k. 70 klukkustunda hvíld á hverju sjö sólarhringa tímabili.

6. Aðildarríkin skulu krefjast þess að vaktöflur séu settar upp á aðgengilegum stöðum.

16. gr.

Undanþága

1. Ef alger nauðsyn krefur geta lögbær yfirvöld, telji þau það ekki stofna öryggi manna, eigna eða umhverfis í hættu, gefið út undanþágu sem leyfir tilteknum sjómanni að gegna stöðu á tilteknu skipi um allt að sex mánaða skeið, þótt hann sé ekki handhafi viðeigandi skirteinis fyrir viðkomandi stöðu, annarri en stöðu fjarskiptamanns með þeim undantekningum sem fram koma í alþjóðafjarskiptareglunum, að því tilskildu að einstaklingur, sem undanþága er gefin út fyrir, hafi tilskilin réttindi og geti gegnt hinni lausu stöðu þannig að öryggis sé gætt og á fullnægjandi hátt að dómi lögbærra yfirvalda. Þó skal ekki veita undanþágu fyrir skipstjóra eða yfirvélstjóra nema um óviðráðanlegar aðstæður sé að ræða og þá aðeins í eins skamman tíma og unnt er.

2. Ef veitt er undanþága vegna stöðu skal aðeins veita hana einstaklingi með atvinnuskirteini sem heimilar honum að gegna næstu stöðu fyrir neðan. Sé ekki krafist atvinnuskirteinis til að gegna næstu stöðu fyrir neðan skal heimilt að veita einstaklingi undanþágu sem að dómi lögbæru yfirvaldanna býr yfir menntun og hæfi og reynslu, sem greinilega jafngilda þeim kröfum sem gerðar eru vegna stöðunnar sem manna á, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingi, sem ekki er með viðeigandi skirteini, sé gert að standast próf sem lögbæru yfirvöldin viðurkenna og sýnir að óhætt sé að veita slíka undanþágu. Auk þess skulu lögbær yfirvöld tryggja að handhafi viðeigandi skirteinis gegni umræddri stöðu eins fljótt og auðið er.

17. gr.

Ábyrgð aðildarríkjanna á menntun og þjálfun og mati

1. Aðildarríki skulu tilnefna yfirvöld eða stofnanir:

- sem veita þá menntun og þjálfun sem um getur í 3. gr.,
- sem skipuleggja og/eða hafa yfirumsjón með prófum ef þeirra er krafist,
- sem gefa út hæfnisskirteinin sem um getur í 11. gr.,
- sem veita undanþágurnar sem kveðið er á um í 16. gr.

2. Aðildarríkin skulu tryggja eftirfarandi:

- að öll menntun og þjálfun sjómanna og mat á hæfni þeirra:
 - skuli skipulögð í samræmi við skriflegar áætlanir, þ.m.t. kennsluáðferðir, kennslumiðlar, fyrirkomulag og

námsefni sem er nauðsynlegt til að fullnægja kröfum um hæfni og

ii. skuli vera í umsjá, undir eftirliti, metin og studd af mönnum sem hafa til þess menntun og hæfi í samræmi við d-, e- og f-lið,

b) að starfsþjálfun eða mat fari aðeins fram um borð í skipi þegar þ þjálfunin eða matið hefur ekki neikvæð áhrif á eðlilega starfsemi um borð og umsjónarmenn geta varið tíma sínum og athygli óskiptri við þjálfunina eða matið,

c) að leiðbeinendur, eftirlitsmenn og matsmenn hafi viðeigandi menntun og hæfi til að sjá um menntun og þjálfun eða mat á hæfni sjómanna um borð í skipi eða í landi af því tagi og á því stigi sem um ræðir hverju sinni,

d) að hver sá sem annast starfsþjálfun sjómanns um borð í skipi eða í landi, sem á að nota til að sýna fram á menntun og hæfi til að fá útgefið atvinnuskirteini samkvæmt þessari tilskipun:

i. hafi þekkingu á námsbrautinni og skilning á þeim sérstöku markmiðum sem eru sett vegna menntunar og þjálfunar af því tagi sem um ræðir,

ii. hafi menntun og hæfi til þeirra verka sem menntunin og þjálfunin tekur til og

iii. fari menntunin og þjálfunin fram með notkun hermis:

– hafi fengið viðeigandi leiðbeiningar um kennslutækni í notkun herma og

– hafi hagnýta reynslu í meðferð þeirrar gerðar hermis sem er notuð,

e) að hver sá sem annast eftirlit með starfsþjálfun sjómanns, sem á að nota til að sýna fram á menntun og hæfi til að fá útgefið atvinnuskirteini, hafi þekkingu á námsbrautinni og þeim sérstöku markmiðum sem eru sett vegna menntunar og þjálfunar af því tagi sem um ræðir,

f) að hver sá sem annast mat á hæfni sjómanna um borð í skipi eða í landi sem á að nota til að sýna fram á menntun og hæfi til að fá útgefið atvinnuskirteini samkvæmt þessari tilskipun:

i. hafi fullnægjandi þekkingu og skilning á þeirri hæfni sem á að meta,

ii. hafi menntun og hæfi til þeirra verka sem verið er að meta,

iii. hafi fengið viðeigandi leiðbeiningar um matsaðferðir og matsvenjur,

iv. hafi öðlast hagnýta reynslu við mat og

- v. ef mat fer fram með notkun hermis, hafi öðlast hagnýta reynslu við mat með þeirri gerð hermis, sem um ræðir, undir eftirliti reyns matsmanns og með fullnægjandi árangri að mati hans,
- g) ef aðildarríki viðurkennir að nám, menntastofnun eða skirteini, sem menntastofnun gefur út, séu liðir í kröfum sem ber að uppfylla til þess að unnt sé að gefa út skirteini, skulu leiðbeinendur og matsmenn menntastofnunar hafa menntun og hæfi og starfsreynslu í samræmi við ákvæði 10. gr. um gæðastaðla. Slík menntun og hæfi, starfsreynsla og beiting gæðastaðla skal m.a. byggjast á viðeigandi menntun og þjálfun í kennslutækni og aðferðum og starfsháttum við kennslu og mat og jafnframt vera í samræmi við allar viðeigandi kröfur í d-, e- og f-lið.

18. gr.

Samskipti um borð

Aðildarríkin skulu sjá til þess:

- a) með fyrirvara um b- og d-lið, að um borð í öllum skipum, sem sigla undir fána aðildarríkis, séu ávallt til ráð til að skilvirk munnleg samskipti geti farið fram um öryggismál milli allra skipverja, einkum með tilliti til öruggrar og timanlegrar móttöku og skilnings skilaboða og fyrirmæla,
- b) að um borð í öllum farþegaskipum, sem sigla undir fána aðildarríkis, og um borð í öllum farþegaskipum, sem hefja og/eða ljúka ferð í höfn aðildarríkis, sé tekin ákvörðun um vinnutungumál til að tryggja fullnægjandi frammistöðu skipverja í öryggismálum og það skráð í skipsdagbók,

að félagið eða skipstjórinn, eftir því sem við á, skuli ákvarða viðeigandi vinnutungumál sem hver sjómaður þarf að geta skilið eða, eins og við á, gefið skipanir og fyrirmæli og skýrt frá á því tungumáli,

ef vinnutungumálið er ekki opinbert tungumál í aðildarríkinu skal þýðing á vinnutungumálinu fylgja öllum áætlunum og skráum sem er skylt að hengja upp,

- c) að um borð í farþegaskipum sé auðvelt að bera kennsl á skipverja sem hafa það verkefni samkvæmt neyðaráætlun að aðstoða farþega ef neyðarástand skapast og að þeir hafi nægilega tungumálakunnáttu til að innna þau störf af hendi, að teknu tilliti til viðeigandi samsetningar eftirfarandi þátta:
- i. hvaða þjóðtöngu flestir farþegar, sem fluttir eru á tiltekinni leið, tala,

- ii. líkinda á því að geta til að beita undirstöðuorðforða á ensku til að gefa einfaldar leiðbeiningar geti gagnast til samskipta við farþega sem er hjálparþurfi, hvort sem farþeginn og skipverjar tala sama tungumál eða ekki,
- iii. hugsanlegrar þarfar til að eiga samskipti með einhverjum öðrum hætti þegar neyðarástand ríkir (t.d. með sýnikennslu, bendingum eða með því að beina athygli þangað sem leiðbeiningar er að fá, að útköllumarstöðvum, björgunarbúnaði eða rýmingarleiðum þegar munnleg samskipti koma að litlu gagni),
- iv. í hve ríkum mæli farþegar hafa fengið alhliða tilsögn í öryggismálum á móðurmáli eða -málum sínum,
- v. þeirra tungumála sem heimilt er að senda tilkynningar um neyðarástand út á, þegar slíkt ástand ríkir eða við æfingar, í þeim tilgangi að koma lífsnauðsynlegum leiðbeiningum til farþega og auðvelda skipverjum að aðstoða þá,

- d) að um borð í olíuflutninga-, efnaflutninga- og gasflutningaskipum, sem sigla undir fána aðildarríkis, geti skipstjóri, yfirmenn og undirmenn átt samskipti sín á milli á sameiginlegu vinnutungumáli eða -málum,
- e) að viðeigandi búnaður sé um borð svo samskipti geti farið fram milli skips og yfirvalda í landi. Þessi samskipti skulu fara fram í samræmi við 4. mgr. reglu 14 í V. kafla SOLAS-samþykktarinnar.
- f) að þegar aðildarríki annast skipaefirlit, sem hafnarríki samkvæmt tilskipun 95/21/EB, skulu þau ganga úr skugga um að skip, sem sigla undir fána annars ríkis en aðildarríkis, fullnægi einnig ákvæðum þessarar greinar.

19. gr.

Viðurkenning skirteina

1. Sjómönnum, sem hafa ekki undir höndum skirteinin, sem um getur í 4. gr., er heimilt að starfa um borð í skipum sem sigla undir fána aðildarríkis, að því tilskildu að samþykkt hafi verið ákvörðun um viðurkenningu viðeigandi skirteinis, sem þeir hafa undir höndum, samkvæmt málsmeðferðinni í 2. til 6. mgr. þessarar greinar.
2. Aðildarríki sem hefur í hyggju að viðurkenna með áritun viðeigandi skirteini sem þriðju lönd hafa gefið út fyrir skipstjóra, yfirmann eða loftskýtamann vegna þjónustu á skipum sem sigla undir fána þess, skal leggja rökstudda beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um viðurkenningu þessa þriðja lands.

Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð Siglingaöryggisstofnunar Evrópu og hugsanlega með þátttöku einhvers hlutaðeigandi aðildarríkis, safna upplýsingunum, sem um getur í II. viðauka, og láta fara fram mat á fyrirkomulagi um menntun og þjálfun og útgáfu atvinnuskirteina í því þriðja landi, sem beiðnin um viðurkenningu á við, til að sannprófa hvort viðeigandi land uppfylli allar kröfur STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skirteini.

3. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um viðurkenningu þriðja lands í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 28. gr., innan þriggja mánaða frá þeim degi sem beiðni um viðurkenninguna barst.

Ef viðurkenningin er veitt skal hún gilda með fyrirvara um ákvæði 20. gr.

Ef engin ákvörðun er tekin um viðurkenningu viðkomandi þriðja lands innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein, er aðildarríkinu, sem leggur fram beiðnina, heimilt að ákveða að viðurkenna einhliða þriðja land þar til ákvörðun hefur verið tekin í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

4. Aðildarríki er heimilt, að því er varðar skip sem sigla undir fána þess, að árita skirteini, sem eru gefin út af þriðju löndum og viðurkennd af framkvæmdastjórninni, með hliðsjón af ákvæðum í 4. og 5. lið II. viðauka.

5. Viðurkenningar skirteina, sem eru gefnar út af viðurkenndum þriðju löndum og birtar í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* fyrir 14. júní 2005, gilda áfram.

Öllum aðildarríkjum er heimilt að nota þessar viðurkenningar nema framkvæmdastjórnin hafi afturkallað þær skv. 20. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal semja og uppfæra skrá yfir þriðju lönd sem hafa verið viðurkennd. Skrána skal birta í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna*.

7. Þrátt fyrir 6. mgr. 5. gr. a er aðildarríki heimilt, þegar aðstæður krefjast, að leyfa sjómanni að gegna, um allt að þriggja mánaða skeið, stöðu um borð í skipi, sem má sigla undir fána landsins, annarri en stöðu loftskiptamanns eða fjarskiptamanns, með þeim undantekningum sem fram koma í alþjóðafjarskiptareglunum enda hafi hann viðeigandi gilt skirteini, útgefið og áritað í þriðja landi, þótt viðkomandi aðildarríki hafi ekki áritað skirteinið þannig að það eigi við vegna starfa um borð í skipum sem mega sigla undir fána þess.

Skriflegt sönnunargagn um að lögbærum yfirvöldum hafi verið send umsókn um áritun skal vera aðgengilegt.

20. gr.

Ákvæði STCW-samþykktarinnar eru ekki virt

1. Þrátt fyrir viðmiðanirnar, sem eru tilgreindar í II. viðauka, skal aðildarríki þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um það og bera fram rökstuddar ástæður fyrir því ef það telur að viðurkennt þriðja land uppfylli ekki lengur kröfur STCW-samþykktarinnar.

Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað vísa málinu til nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 28. gr.

2. Þrátt fyrir viðmiðanirnar, sem eru tilgreindar í II. viðauka, skal aðildarríki þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um það og bera fram rökstuddar ástæður fyrir því ef það telur að viðurkennt þriðja land uppfylli ekki lengur kröfur STCW-samþykktarinnar.

Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað vísa málinu til nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 28. gr.

3. Þegar aðildarríki hefur í hyggju að afturkalla áritanir skirteina, sem þriðju lönd gefa út, skal það þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um fyrirætlanir sínar og rökstyðja þær.

4. Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, endurmeta viðurkenningu viðkomandi þriðja lands til að sannprófa hvort landið uppfylli kröfur STCW-samþykktarinnar.

5. Ef ástæða er til að ætla að tilteknar menntastofnanir fyrir sjómenn uppfylli ekki lengur kröfur STCW-samþykktarinnar skal framkvæmdastjórnin tilkynna viðkomandi landi að viðurkenning skirteina þess verði afturkölluð að tveimur mánuðum liðnum nema gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að allar kröfur STCW-samþykktarinnar verði uppfylltar.

6. Taka skal ákvörðun um afturköllun viðurkenningar í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni, sem um getur í 2. mgr. 28. gr., innan tveggja mánaða frá þeim degi sem tilkynning barst frá aðildarríkinu.

Viðkomandi aðildarríki skulu grípa til viðeigandi ráðstafana til að hrinda ákvörðuninni í framkvæmd.

7. Áritanir til staðfestingar á viðurkenningu skirteina, sem eru gefin út í samræmi við 6. mgr. 5. gr., fyrir þann dag sem ákvörðun var tekin um að afturkalla viðurkenningu þriðja lands, skulu gilda áfram. Sjómenn, sem eru handhafar slíkra skirteina, mega þó ekki krefjast áritunar sem viðurkennir aukna menntun og hæfi nema sú uppfærsla byggist eingöngu á viðbótarsiglingatíma og -reynslu.

21. gr.

Endurmat

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við Siglingaöryggisstofnun Evrópu, endurmeta, með reglulegu millibili og a.m.k. á fimm ára fresti, þriðju lönd, sem hafa verið viðurkennd samkvæmt málsmeðferðinni, sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. 19. gr., þ.m.t. þau þriðju lönd sem um getur í 6. mgr. 19. gr., til að sannprófa hvort þau uppfylli viðeigandi viðmiðanir í II. viðauka og hvort gripið hafi verið til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skirteini.

2. Framkvæmdastjórnin skal skilgreina forgangsviðmiðanir við mat á þriðju löndum á grundvelli gagna um frammistöðu sem hafnarrikiseftirlitið kveður á um skv. 23. gr. og upplýsinga varðandi skýrslur um óháðar úttektir sem þriðju lönd koma á framfæri samkvæmt þætti A-I/7 í STCW-kóðanum.

3. Framkvæmdastjórnin skal láta aðildarríkjunum í té skýrslu um niðurstöður matsins.

22. gr.

Hafnarrikiseftirlit

1. Óháð því undir hvaða fána þau sigla skulu skip, nema skip af þeim gerðum sem eru undanskildar skv. 2. gr., á meðan legið er við bryggju í aðildarríki, falla undir hafnarrikiseftirlit í umsjá þar til bærri embættismanna sem þetta aðildarríki hefur veitt fulla heimild til að ganga úr skugga um að allir sjómenn, sem starfa um borð og eiga að hafa skirteini sem STCW-samþykktin kveður á um, hafi í raun viðeigandi skirteini eða gildar undanþágur ella.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að viðeigandi ákvæðum og málsmeðferð, sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/21/EB, sé beitt við hafnarrikiseftirlit samkvæmt þessari tilskipun.

23. gr.

Tilhögun hafnarrikiseftirlits

1. Með fyrirvara um tilskipun 95/21/EB skal hafnarrikiseftirlit skv. 22. gr. takmarkast við eftirfarandi:

a) sannreyna skal að allir þeir sjómenn um borð, sem eiga að hafa skirteini í samræmi við STCW-samþykktina, hafi undir höndum viðeigandi skirteini eða gilda undanþágu eða geti lagt fram skriflegt sönnunargagn um að sótt hafi verið um áritun til staðfestingar á viðurkenningu yfirvalda í fánaríkinu,

b) sannreyna skal hvort fjöldi sjómanna og skirteini sjómanna, sem starfa um borð, samræmist reglum yfirvalda fánaríkisins um öryggismönnun.

2. Meta skal, í samræmi við A-hluta STCW-kóðans, hvort skipverjar eru færir um að standa vaktir í samræmi við kröfur STCW-samþykktarinnar, enda sé ástæða til að ætla að slíkum stöðlum sé ekki fullnægt vegna þess að eitthvað af því sem hér er talið hefur gerst:

a) skipið hefur lent í árekstri, tekið niðri eða strandað,

b) efni, sem ólöglegt er að losa í hafið samkvæmt alþjóðasamningi, hafa verið losuð úr skipinu á siglingu, þegar það lá fyrir akkeri eða við bryggju,

c) skipinu hefur verið stjórnað með tilviljanakenndum eða ótryggum hætti og ekki hefur verið fylgt reglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um siglingaleiðir eða venjum og háttum við öruggar siglingar,

d) skipinu er stýrt á einhvern þann hátt annan sem hættulegur er mönnum, eignum eða umhverfi,

e) skirteinið er fengið með sviksamlegum hætti eða handhafi þess er annar en sá sem skirteinið var upphaflega gefið út fyrir,

f) skipið siglir undir fána lands, sem hefur ekki fullgilt STCW-samþykktina, eða skipstjóri, yfirmaður eða undirmaður er handhafi skirteinis sem er útgefið af þriðja landi sem hefur ekki fullgilt STCW-samþykktina.

3. Þrátt fyrir sannprófun skirteina er heimilt að fara fram á það að sjómaður sýni viðeigandi hæfni á starfsstöð sinni þegar mat skv. 2. mgr. fer fram. Í þessu getur m.a. falist að staðlar vegna vaktstöðu séu uppfylltir og að sjómaðurinn sýni rétt fagleg viðbrögð við neyðaráðstöðum.

24. gr.

Kyrrsetning

Með fyrirvara um tilskipun 95/21/EB er aðildarríki einungis heimilt að kyrrsetja skip, samkvæmt þessari tilskipun, ef embættismaður, sem sér um hafnarrikiseftirlit, hefur ákvarðað að einhver eftirfarandi ágalla skapi hættu fyrir menn, eignir eða umhverfi:

a) sjómenn hafa engin skirteini, þá vantar viðeigandi skirteini eða gilda undanþágu eða geta ekki lagt fram skjöl til sönnunar því að umsókn um áritun til staðfestingar á viðurkenningu hafi verið send yfirvöldum fánaríkis,

b) gildandi kröfur fánaríkis um öryggismönnun eru ekki uppfylltar,

27. gr.

c) tilhögun siglinga- eða vélstjórnarvaktar er ekki í samræmi við þær kröfur sem fánaríkið hefur sett vegna skipsins,

Breytingar

d) ekki er á vakt maður sem hefur réttindi til að stjórna búnaði sem er nauðsynlegur öruggri siglingu eða öryggis-fjarskiptum eða til að forðast mengun sjávar,

1. Framkvæmdastjórnin getur gert breytingar á þessari tilskipun til þess að geta komið síðari breytingum til framkvæmda, að því er þessa tilskipun varðar, á alþjóðakóðum sem um getur í 16., 17., 18., 23. og 24. lið 1. gr. sem hafa öðlast gildi.

e) sönnun um faglega kunnáttu við þau skyldustörf, sem sjómaður gegnir vegna öryggis skipsins og mengunarvarna, hefur ekki verið lögð fram,

Einnig má framkvæmdastjórnin gera breytingar á þessari tilskipun í því skyni að allar viðeigandi breytingar öðlist gildi í löggjöf Bandalagsins að því er þessa tilskipun varðar.

f) ekki eru settir á fyrstu vakt við upphaf sjóferðar og síðari vaktir, sem á eftir fylgja, menn sem hafa fengið næga hvíld og eru vinnufærir að öðru leyti.

25. gr.

Reglubundið eftirlit með því að farið sé að kröfum

Með fyrirvara um valdsvið framkvæmdastjórnarinnar skv. 226. gr. sáttmálans skal framkvæmdastjórnin, með aðstoð Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, sannprófa með reglubundnu millibili og a.m.k. fimmta hvert ár að aðildarríkin fari að þeim kröfum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina með athugun, sem um getur í 3. mgr. 28. gr.

2. Þegar nýir gerningar eða bókanir við STCW-samþykktina eru samþykktir skal ráðið ákvarða, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að teknu tilliti til málsmeðferðar þjóðþinga aðildarríkjanna og viðmiðunarreglna, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt, nákvæmar reglur um fullgildingu þessara nýju gerninga eða bókana um leið og það tryggir að þeim sé beitt á einsleitán hátt og samtímis í aðildarríkjunum.

26. gr.

Skýrslur

1. Eigi síðar en 14. desember 2008 skal framkvæmdastjórnin leggja matsskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið sem byggist á ítarlegri greiningu og mati á samningsákvæðum STCW-samþykktarinnar, beitingu þeirra og nýrri sýn á sambandið milli öryggis og menntunar og þjálfunar áhafna skipa.

3. Undanskilja má breytingar á alþjóðlegum gerningum, sem um getur í 16., 17., 18., 21., 22. og 24. mgr. 1. gr., gildissviði þessarar tilskipunar skv. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) ⁽¹⁾.

28. gr.

Nefndarmeðferð

2. Eigi síðar en 20. október 2010 skal framkvæmdastjórnin skila Evrópuþinginu og ráðinu matsskýrslu sem er samin á grundvelli upplýsinga sem er aflað skv. 25. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 2099/2002.

Í skýrslunni skal framkvæmdastjórnin kanna að hve miklu leyti aðildarríkin uppfylla kröfur þessarar tilskipunar og, ef nauðsyn krefur, leggja fram tillögur um viðbótarráðstafanir.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.

2. Þar sem vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera átta vikur.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

29. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Þegar aðildarríki gefur, skv. 12. gr. a, að nýju út skírteini, sem voru gefin út upphaflega í samræmi við þau ákvæði sem voru í gildi fyrir 1. febrúar 1997, eða framlengir gildistíma þeirra, þá er því heimilt að breyta tonnatakmarkunum, sem koma fram á upprunalega skírteininu, sem hér segir:

- a) í stað „200 brúttórúmllestir“ má setja „500 brúttótonn“,
- b) í stað „1600 brúttórúmllestir“ má setja „3000 brúttótonn“.

30. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu koma sér upp kerfi viðurlaga vegna brota á landsákvæðum sem eru samþykkt skv. 1., 3., 5., 7., 9. til 15., 17., 18., 19., 22., 23., 24. og 29. gr. sem og I. og II. viðauka og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif.

31. gr.

Samskipti

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þegar í stað öll ákvæði sem þau samþykkja um sviðið sem tilskipun þessi gildir um.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

32. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2001/25/EB, eins og henni var breytt með tilskipunum sem eru tilgreindar í A-hluta III. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna, að því er varðar þá fresti til lögleiðingar tilskipananna, sem settir eru fram í B-hluta III. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í IV. viðauka.

33. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

34. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 19. nóvember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. Pöttering

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-P. Jouyet

forseti.

*I. VIÐAUKI***KRÖFUR STCW-SAMÞYKKTARINNAR UM MENNTUN OG ÞJÁLFUN SEM UM GETUR Í 3. GR.***I. KAFLI*

ALMENN ÁKVÆÐI

1. Lögboðin ákvæði í A-hluta STCW-kóðans koma til viðbótar reglunum sem er að finna í þessum viðauka, að undanskilinni reglu VIII/2 í VIII. kafla.

Líta ber á tilvisun í kröfu tiltekinnar reglu sem tilvisun í samsvarandi þátt í A-hluta STCW-kóðans.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að sjómenn hafi fullnægjandi tungumálakunnáttu, eins og skilgreint er í þáttum A-II/1, A-III/1, A-IV/2 og A-II/4 í STCW-kóðanum, þannig að þeir geti sinnt skyldustörfum sínum á skipi sem siglir undir fána gístiaðildarríkis.
3. Í A-hluta STCW-kóðans er að finna hæfnisstaðla sem umsækjendur um útgáfu eða endurnýjun atvinnuskírteina verða að uppfylla samkvæmt ákvæðum STCW-samþykktarinnar. Til að skýra tengsl milli ákvæða um annars konar útgáfu atvinnuskírteina í VII. kafla og ákvæða um útgáfu atvinnuskírteina í II., III. og IV. kafla er færni, sem er tilgreind í hæfnisstöðlunum, flokkuð eftir því sem við á undir eftirfarandi sjö starfssvið:

1. siglingu,
2. meðhöndlun farms og hleðsla,
3. stjórn skips og eftirlit með öryggi skipverja og farþega,
4. skipahönnun,
5. umsjón með rekstri og stjórnun rafbúnaðar og rafeindabúnaðar,
6. viðhald og viðgerðir,
7. þráðlaus fjarskipti

á eftirfarandi ábyrgðarsviðum:

1. stjórnunarsviði,
2. rekstrarsviði,
3. stoðsviði.

Undirtitill í töflum um hæfnisstaðla, sem eru tilgreindir í II., III. og IV. kafla í A-hluta STCW-kóðans, sýnir starfssvið og ábyrgðarstig.

II. KAFLI

SKIPSTJÓRI OG ÞILFARSDEILD

Regla II/1

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið atvinnuskírteini sem yfirmaður siglingavaktar á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri

1. Sérhver yfirmaður siglingavaktar sem starfar um borð í hafskipi sem er 500 brúttótonn eða stærra skal hafa viðeigandi skírteini.
2. Umsækjandi um útgáfu atvinnuskírteinis skal:
 - 2.1. hafa náð 18 ára aldri,

- 2.2. hafa að baki viðurkenndan siglingatíma, sem nemur a.m.k. einu ári, enda hafi hann verið hluti af viðurkenndri námsbraut þar sem þjálfun um borð fullnægir kröfunum í þætti A-II/1 í STCW-kóðanum, og skal siglingatíminn skráður í viðurkennda þjálfunarbók, eða hafa að baki að öðrum kosti viðurkenndan siglingatíma sem nemur a.m.k. þremur árum,
- 2.3. hafa staðið vaktir í brú á tilskildum siglingatíma undir eftirliti skipstjóra eða yfirmanns með réttindi um a.m.k. sex mánaða skeið,
- 2.4. fullnægja gildandi kröfum reglnanna í IV. kafla, eftir því sem við á, til að geta unnið tiltekin skyldustörf við fjarskipti í samræmi við alþjóðafjarskiptareglurnar,
- 2.5. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfnisstaðlinum sem er tilgreindur í þætti A-II/1 í STCW-kóðanum.

Regla II/2

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið atvinnuskírteini sem skipstjóri og yfirstýrimaður á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri

Skipstjóri og yfirstýrimaður á skipum sem eru 3000 brúttótonn eða stærri

1. Sérhver skipstjóri og yfirstýrimaður á hafskipum sem eru 3000 brúttótonn eða stærri skal hafa viðeigandi skírteini.
2. Umsækjandi um útgáfu atvinnuskírteinis skal:
 - 2.1. fullnægja kröfum til að fá útgefið atvinnuskírteini sem yfirmaður siglingavaktar á skipum, sem eru 500 brúttótonn eða stærri, og hefur að baki sem slíkur viðurkenndan siglingatíma sem er:
 - 2.1.1. eigi skemmri en 12 mánuðir til að fá útgefið atvinnuvinnuskírteini sem yfirstýrimaður og
 - 2.1.2. eigi skemmri en 36 mánuðir til að fá útgefið atvinnuskírteini sem skipstjóri; þó er heimilt að stytta þennan tíma í 24 mánuði hið minnsta ef umsækjandi hefur starfað sem yfirstýrimaður a.m.k. 12 mánuði af slíkum siglingatíma,
 - 2.2. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfnisstaðlinum sem er tilgreindur í þætti A-II/2 í STCW-kóðanum fyrir skipstjóra og yfirstýrimenn á skipum sem eru 3000 brúttótonn eða stærri.

Skipstjóri og yfirstýrimaður á skipum sem eru á milli 500 og 3000 brúttótonn

3. Sérhver skipstjóri og yfirstýrimaður á hafskipi, sem eru á milli 500 og 3000 brúttótonn, skal hafa viðeigandi skírteini.
4. Umsækjandi um útgáfu atvinnuskírteinis skal:
 - 4.1. fullnægja kröfum til yfirmanns siglingavaktar á skipum, sem eru 500 brúttótonn eða stærri, til að fá útgefið atvinnuskírteini sem yfirstýrimaður,
 - 4.2. fullnægja kröfum til yfirmanns siglingavaktar á skipum, sem eru 500 brúttótonn eða stærri, og hefur að baki sem slíkur viðurkenndan siglingatíma sem er eigi skemmri en 36 mánuðir, til að fá útgefið atvinnuskírteini sem skipstjóri; þó er heimilt að stytta þennan tíma í 24 mánuði hið minnsta ef umsækjandi hefur starfað sem yfirstýrimaður a.m.k. 12 mánuði af slíkum siglingatíma,
 - 4.3. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfnisstaðlinum sem er tilgreindur í þætti A-II/2 í STCW-kóðanum fyrir skipstjóra og yfirstýrimenn á skipum sem eru á milli 500 og 3000 brúttótonn.

*Regla II/3***Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgæfið atvinnuskírteini sem yfirmaður siglingavaktar eða skipstjóri á skipum sem eru minni en 500 brúttótonn***Skip, önnur en strandsiglingaskip*

1. Sérhver yfirmaður siglingavaktar á hafskipi, sem er minna en 500 brúttótonn og er ekki strandsiglingaskip, skal hafa viðeigandi skírteini fyrir skip sem eru 500 brúttótonn eða stærri.
2. Sérhver skipstjóri á hafskipi, sem er minna en 500 brúttótonn og er ekki strandsiglingaskip, skal hafa viðeigandi skírteini fyrir skipstjóra á skipum sem eru á milli 500 og 3000 brúttótonn.

*Strandsiglingaskip**Yfirmaður siglingavaktar*

3. Sérhver yfirmaður siglingavaktar á hafskipi til strandsiglinga, sem er minna en 500 brúttótonn, skal hafa viðeigandi skírteini.
4. Umsækjandi um útgáfu atvinnuskírteinis sem yfirmaður siglingavaktar á hafskipi til strandsiglinga sem er minna en 500 brúttótonn, skal:
 - 4.1. hafa náð 18 ára aldri,
 - 4.2. hafa að baki:
 - 4.2.1. sérstaka þjálfun, m.a. nægilega langan viðeigandi siglingatíma samkvæmt kröfum yfirvalda eða
 - 4.2.2. viðurkenndan siglingatíma, sem er eigi skemmri en þrjú ár við störf á þilfari,
 - 4.3. fullnægja gildandi kröfum reglnanna í IV. kafla, eftir því sem við á, til að geta unnið tiltekin skyldustörf við fjarskipti í samræmi við alþjóðafjarskiptareglurnar,
 - 4.4. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfnisstaðlinum sem er tilgreindur í þætti A-II/3 í STCW-kóðanum fyrir yfirmenn siglingavaktar á strandsiglingaskipum sem eru minni en 500 brúttótonn.

Skipstjóri

5. Sérhver skipstjóri á hafskipi til strandsiglinga, sem er minna en 500 brúttótonn, skal hafa viðeigandi skírteini.
6. Umsækjandi um útgáfu atvinnuskírteinis sem skipstjóri á hafskipi til strandsiglinga sem er minna en 500 brúttótonn skal:
 - 6.1. hafa náð 20 ára aldri,
 - 6.2. hafa að baki viðurkenndan siglingatíma, sem er eigi skemmri en 12 mánuðir sem yfirmaður siglingavaktar,
 - 6.3. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfnisstaðlinum sem er tilgreindur í þætti A-II/3 í STCW-kóðanum fyrir skipstjóra á strandsiglingaskipum sem eru minni en 500 brúttótonn.
7. Undanþágur

Telji yfirvöld að vegna stærðar skipsins og notkunar þess sé ósanngjarnt eða óraunhæft að halda til hins ýtrasta kröfum þessarar reglu og þáttar A-II/3 í STCW-kóðanum þá er þeim heimilt að veita skipstjóra eða yfirmanni siglingavaktar á

Þess konar skipum eða flokki skipa, undanþágu frá sumum þessara krafna, að teknu tilliti til öryggis þeirra skipa sem kunna að vera á sömu siglingaleiðum.

Regla II/4

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið atvinnuskírteini sem undirmaður sem gegnir störfum á siglingavakt

1. Sérhver undirmaður, sem gegnir störfum á siglingavakt á hafskipi, sem er 500 brúttótonn eða stærra, að frátöldum þeim sem gangast undir þjálfun og þeim sem ekki þarfnast sérkunnáttu vegna starfa sinna á vaktinni, skal hafa fullnægjandi skírteini vegna slíkra skyldustarfa.
2. Umsækjandi um útgáfu atvinnuskírteinis skal:
 - 2.1. hafa náð 16 ára aldri,
 - 2.2. hafa að baki:
 - 2.2.1. viðurkenndan siglingatíma með sex mánaða menntun og þjálfun og reynslu hið minnsta eða
 - 2.2.2. sérstaka þjálfun, annaðhvort í landi eða um borð í skipi, þ.m.t. viðurkenndur siglingatími sem er eigi skemmri en tveir mánuðir,
 - 2.3. fullnægja hæfnisstaðlinum sem er tilgreindur í þætti A-II/4 í STCW-kóðanum.
3. Siglingatíminn, menntunin og þjálfunin og reynslan, sem er krafist í liðum 2.2.1 og 2.2.2, skulu tengjast störfum á siglingavakt og fela m.a. í sér skyldustörf sem unnin eru undir beinu eftirliti skipstjóra, yfirmanns siglingavaktar eða undirmanns sem til þess hefur réttindi.
4. Aðildarríki er heimilt að telja sjómenn fullnægja kröfum þessarar reglu ef þeir hafa gegnt viðeigandi störfum á þilfari um eins árs skeið hið minnsta síðustu fimm árin fyrir gildistöku STCW-samþykktarinnar hjá því aðildarríki.

III. KAFLI

VÉLARRÚM

Regla III/1

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið atvinnuskírteini sem yfirmaður vélstjórnarvaktar í mönnuðu vélarrúmi eða vélstjóri sem er útnefndur vaktvélstjóri í vélarrúmi sem er ómannað tímabundið

1. Sérhver yfirmaður vélstjórnarvaktar í mönnuðu vélarrúmi, eða vélstjóri sem er útnefndur vaktvélstjóri í vélarrúmi, sem er ómannað tímabundið á hafskipi, sem er knúið af aðalvél með 750 kW knúningsafla eða meira, skal hafa viðeigandi skírteini.
2. Umsækjandi um útgáfu atvinnuskírteinis skal:
 - 2.1. hafa náð 18 ára aldri,
 - 2.2. hafa að baki a.m.k. sex mánaða siglingatíma í vélarrúmi í samræmi við þátt A-III/1 í STCW-kóðanum,

- 2.3. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun sem er eigi skemmri en 30 mánuðir, m.a. þjálfun um borð enda sé hún skráð í viðurkennda þjálfunarbók, og fullnægja hæfnisstöðlunum sem eru tilgreindir í þætti A-III/1 í STCW-kóðanum.

Regla III/2

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið atvinnuskírteini sem yfirvélstjóri og 2. vélstjóri á skipum knúnum af aðalvél með 3000 kW knúningsafli eða meira

1. Sérhver yfirvélstjóri og 2. vélstjóri á hafskipum, sem eru knúin af aðalvél með 3000 kW knúningsafli eða meira, skal hafa viðeigandi skírteini.
2. Umsækjandi um útgáfu atvinnuskírteinis skal:
 - 2.1. fullnægja kröfum til að fá útgefið atvinnuskírteini sem yfirmaður vélstjórnarvaktar og:
 - 2.1.1. hafa að baki a.m.k. 12 mánaða viðurkenndan siglingatíma sem aðstoðarvélstjóri eða vélstjóri til að fá útgefið atvinnuskírteini sem 2. vélstjóri og
 - 2.1.2. hafa að baki a.m.k. 36 mánaða viðurkenndan siglingatíma, þar af a.m.k. 12 mánaða starf sem vélstjóri í ábyrgðarstöðu eftir að hafa öðlast réttindi til að starfa sem 2. vélstjóri, til að fá útgefið atvinnuskírteini sem yfirvélstjóri,
 - 2.2. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfnisstöðlinum sem er tilgreindur í þætti A-III/2 í STCW-kóðanum.

Regla III/3

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið atvinnuskírteini sem yfirvélstjóri og 2. vélstjóri á skipum sem eru knúin af aðalvél með knúningsafli á bilinu 750 til 3000 kW

1. Sérhver yfirvélstjóri og 2. vélstjóri á hafskipum, sem eru knúin af aðalvél með knúningsafli á bilinu 750 til 3000 kW, skulu hafa viðeigandi skírteini.
2. Umsækjandi um útgáfu atvinnuskírteinis skal:
 - 2.1. fullnægja kröfum til að fá útgefið atvinnuskírteini sem yfirmaður vélstjórnarvaktar og:
 - 2.1.1. hafa að baki a.m.k. 12 mánaða viðurkenndan siglingatíma sem aðstoðarvélstjóri eða vélstjóri til að fá útgefið atvinnuskírteini sem 2. vélstjóri og
 - 2.1.2. hafa að baki a.m.k. 24 mánaða viðurkenndan siglingatíma, þar af a.m.k. 12 mánaða starf eftir að hafa öðlast réttindi til að starfa sem 2. vélstjóri, til að fá útgefið atvinnuskírteini sem yfirvélstjóri,
 - 2.2. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfnisstöðlinum sem er tilgreindur í þætti A-III/3 í STCW-kóðanum.
3. Hver sá vélstjóri, sem hefur réttindi til starfa sem 2. vélstjóri á skipum sem eru knúin af aðalvél með 3000 kW knúningsafli eða meira, má starfa sem yfirvélstjóri á skipum sem eru knúin af aðalvél með minna en 3000 kW knúningsafli enda hafi hann að baki a.m.k. 12 mánaða viðurkenndan siglingatíma sem vélstjóri í ábyrgðarstöðu og áritun um það á skírteini sínu.

Regla III/4

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið atvinnuskírteini sem undirmaður sem gegnir störfum á vakt í mönnuðu vélarrúmi eða er settur til að gegna skyldustörfum í vélarrúmi sem er ómannað tímabundið

1. Sérhver undirmaður, sem gegnir störfum á vakt í vélarrúmi eða er settur til að gegna skyldustörfum í vélarrúmi, sem er ómannað tímabundið, á hafskipi sem er knúið af aðalvél með 750 kW knúningsafli eða meira, að undanskildum undirmönnum sem gangast undir þjálfun og undirmönnum, sem gegna skyldustörfum sem krefjast ekki sérkunnáttu, skal hafa fullnægjandi skírteini til að gegna slíkum skyldustörfum.

2. Umsækjandi um útgáfu atvinnuskirteinis skal:
 - 2.1. hafa náð 16 ára aldri,
 - 2.2. hafa að baki:
 - 2.2.1. viðurkenndan siglingatíma með sex mánaða menntun og þjálfun og reynslu hið minnsta eða
 - 2.2.2. sérstaka þjálfun, annaðhvort í landi eða um borð í skipi, þ.m.t. viðurkenndur siglingatími sem er eigi skemmri en tveir mánuðir,
 - 2.3. fullnægja hæfnisstaðlinum sem er tilgreindur í þætti A-III/4 í STCW-kóðanum.
3. Siglingatíminn, menntunin og þjálfunin og reynslan, sem er krafist í liðum 2.2.1 og 2.2.2, skulu tengjast störfum við vaktir í vélarrúmi og fela í sér skyldustörf sem eru unnin undir beinu eftirliti vélstjóra með réttindi eða undirmanns með réttindi.
4. Aðildarríki er heimilt að telja sjómenn fullnægja kröfum þessarar reglu ef þeir hafa gegnt tilskildum störfum í vélarrúmi um eins árs skeið a.m.k. síðustu fimm árin fyrir gildistöku STCW-samþykktarinnar hjá því aðildarríki.

IV. KAFLI

ÞRÁÐLAUS FJARSKIPTI OG FJARSKIPTAMENN

Til skýringar

Lögboðin ákvæði um vaktstöðu í fjarskiptastöðvum er að finna í alþjóðafjarskiptareglunum og SOLAS-samþykktinni með áorðnum breytingum. Ákvæði um viðhald fjarskiptabúnaðar er að finna í SOLAS-samþykktinni, með áorðnum breytingum, og í leiðbeiningum sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt.

Regla IV/1

Beiting

1. Með fyrirvara um ákvæðin í 2. lið gilda ákvæði þessa kafla um fjarskiptamenn á skipum, sem eru starfrækt í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu), eins og mælt er fyrir um í SOLAS-samþykktinni, með áorðnum breytingum.
2. Fjarskiptamenn á skipum, sem ekki er gert skylt skv. IV. kafla SOLAS-samþykktarinnar að hlíta ákvæðum GMDSS-kerfisins, þurfa ekki að fullnægja ákvæðunum í þessum kafla. Fjarskiptamenn á þeim skipum þurfa engu að síður að hlíta alþjóðafjarskiptareglunum. Yfirvöld skulu sjá til þess slíkir fjarskiptamenn fái útgefín eða viðurkennd viðeigandi skirteini, eins og mælt er fyrir um í alþjóðafjarskiptareglunum.

Regla IV/2

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið atvinnuskirteini sem fjarskiptamaður í GMDSS-fjarskiptastöð

1. Hver sá sem ber ábyrgð á eða sinnir skyldustörfum við fjarskipti á skipi, sem er skylt að taka þátt í GMDSS-kerfinu, skal hafa viðeigandi skirteini með tilvísun til þess kerfis, útgefið eða viðurkennt af hálfu yfirvalda í samræmi við ákvæði alþjóðafjarskiptareglanna.
2. Að auki skal sá sem sækir um útgáfu atvinnuskirteinis samkvæmt þessari reglu til að starfa á skipi, sem skal búið fjarskiptabúnaði samkvæmt alþjóðasamningnum um öryggi mannlífa á hafinu, með áorðnum breytingum:
 - 2.1. hafa náð 18 ára aldri og
 - 2.2. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfnisstaðlinum sem er tilgreindur í þætti A-IV/2 í STCW-kóðanum.

V. KAFLI

SÉRSTAKAR KRÖFUR UM MENNTUN OG ÞJÁLFUN SEM ERU GERÐAR TIL SKIPVERJA Á TILTEKNUM GERÐUM SKIPA

Regla V/1

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna menntunar og þjálfunar og réttinda skipstjóra, annarra yfirmanna og undirmanna á tankskipum

1. Yfirmenn og undirmenn, sem eru settir til ákveðinna skyldustarfa og ábyrgðar vegna farms eða farmbúnaðar í tankskipum, skulu hafa lokið, í landi, viðurkenndu námskeiði í slökkvistörfum auk þeirrar menntunar og þjálfunar sem áskilin er í reglu VI/1 og hafa að baki:
 - 1.1. a.m.k. þriggja mánaða viðurkenndan siglingatíma á tankskipum til að öðlast fullnægjandi þekkingu á öruggum vinnubrögðum eða
 - 1.2. viðurkennt kynningarnámskeið um tankskip þar sem a.m.k. er tekið fyrir það námsefni sem er gefið upp vegna slíkra námskeiða í þætti A-V/1 í STCW-kóðanum,

þó þannig að yfirvöldum er heimilt að viðurkenna styttri siglingatíma undir eftirliti en tilskilinn er í lið 1.1., að því tilskildu:

 - 1.3. að sá siglingatími sé a.m.k. einn mánuður,
 - 1.4. að tankskipið sé minna en 3000 brúttótonn,
 - 1.5. að hver sjóferð, sem tankskipið fer á siglingatímanum, sé ekki lengri en 72 klukkustundir,
 - 1.6. að rekstrarforsendur tankskipsins og fjöldi sjóferða, lestana og losana á siglingatímanum tryggi að jafnmikil þekking og jafnmikil reynsla náist.
 2. Skipstjórar, yfirvélstjórar, yfirstýrimenn, vélstjórar og aðrir þeir sem bera beina ábyrgð á lestun, losun og eftirliti með flutningi eða meðferð farms skulu fullnægja kröfunum í liðum 1.1 eða 1.2 og hafa auk þess að baki:
 - 2.1. viðeigandi reynslu vegna skyldustarfa sinna um borð í tankskipi af þeirri gerð sem þeir eru skráðir á og
 - 2.2. viðurkennda sérnámsbraut þar sem a.m.k. er tekið fyrir það námsefni sem er sett fram í þætti A-V/1 í STCW-kóðanum og snertir skyldustörf þeirra á því olíuflutningaskipi, efnaflutningaskipi eða gasflutningaskipi sem þeir eru skráðir á.
 3. Fyrstu tvö árin eftir að STCW-samþykktin hefur öðlast gildi hjá aðildarríki er heimilt að líta svo á að sjómenn hafi fullnægt kröfunum í lið 2.2 ef þeir hafa gegnt störfum á viðeigandi sviði á tankskipi þeirrar gerðar, sem um er að ræða, um eins árs skeið a.m.k. síðustu fimm árin.
 4. Yfirvöld skulu sjá til þess að skipstjórar og aðrir yfirmenn, sem hafa réttindi í samræmi við 1. eða 2. lið, eftir því sem við á, fái útgefið viðeigandi skirteini eða tilskilda áritun á gildandi skirteini. Allir undirmenn, sem hafa réttindi, skulu fá skirteini því til staðfestingar.

Regla V/2

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna menntunar og þjálfunar og réttinda skipstjóra, annarra yfirmanna, undirmanna og annarra skipverja á ekjufarþegaskipum

1. Þessi regla gildir um skipstjóra, aðra yfirmenn, undirmenn og aðra skipverja sem starfa um borð í ekjufarþegaskipum í millilandasiglingum. Yfirvöld skulu ákveða hvort þessar kröfur skulu gilda um skipverja á ekjufarþegaskipum í siglingum innanlands.

2. Áður en sjómönnum eru falin skyldustörf um borð í ekjufarþegaskipum skulu þeir hafa lokið þeirri menntun og þjálfun, sem er krafist í 4. til 8. lið, í samræmi við stöðu sína, skyldustörf og ábyrgð.
3. Þeir sjómenn, sem krafist er að hljóti menntun og þjálfun í samræmi við 4., 7. og 8. lið, skulu afla sér viðeigandi upprifjunarmenntunar og -þjálfunar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti eða færa sönnur á að þeir hafi tileinkað sér tilskilda hæfni á næstliðnum fimm árum.
4. Skipstjórar, aðrir yfirmenn og skipverjar, sem hafa það verkefni samkvæmt neyðaráætlun að aðstoða farþega um borð í ekjufarþegaskipum í neyðartilvikum, skulu hafa lokið menntun og þjálfun í stjórn stórra hópa fólks eins og tilgreint er í 1. mgr. þáttar A-V/2 í STCW-kóðanum.
5. Skipstjórar, aðrir yfirmenn og aðrir skipverjar, sem eru settir til ákveðinna skyldustarfa og ábyrgðarstarfa um borð í ekjufarþegaskipum, skulu hafa lokið kynningarþjálfun þeirri sem er tilgreind í 2. mgr. þáttar A-V/2 í STCW-kóðanum.
6. Skipverjar, sem veita farþegum í farþegarými um borð í ekjufarþegaskipum beina þ jónustu, skulu hafa lokið þjálfunarnámskeiði um öryggismál sem er tilgreint í 3. mgr. þáttar A-V/2 í STCW-kóðanum.
7. Skipstjórar, yfirstýrimenn, yfirvélstjórar, 2. vélstjórar og allir aðrir, sem hafa með höndum bein ábyrgðarstörf vegna ferða farþega um borð og frá borði, lestunar, losunar eða frágangs á farmi eða lokunar opa á byrðingi ekjufarþegaskips, skulu hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun vegna öryggis farþega og farms og heilleika byrðings eins og tilgreint er í 4. mgr. þáttar A-V/2 í STCW-kóðanum.
8. Skipstjórar, yfirstýrimenn, yfirvélstjórar, 2. vélstjórar og allir aðrir, sem hafa með höndum bein ábyrgðarstörf vegna öryggis farþega í neyðartilvikum um borð í ekjufarþegaskipum, skulu hafa lokið viðurkenndri þjálfun í að takast á við hættuástand og mannlegt atferli eins og tilgreint er í 5. mgr. þáttar A-V/2 í STCW-kóðanum.
9. Yfirvöld skulu sjá til þess að allir, sem ávinna sér réttindi í samræmi við ákvæði þessarar reglu, fái afhent skriflegt sönnunargagn um þá menntun og þjálfun sem þeir hafa hlotið.

Regla V/3

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna menntunar og þjálfunar og réttinda skipstjóra, annarra yfirmanna, undirmanna og annarra skipverja á öðrum farþegaskipum en ekjufarþegaskipum

1. Þessi regla gildir um skipstjóra, aðra yfirmenn, undirmenn og aðra skipverja sem eru ráðnir til starfa á öðrum farþegaskipum en ekjufarþegaskipum í millilandasiglingum. Yfirvöld skulu ákveða hvort þessar kröfur skulu gilda um skipverja á farþegaskipum í siglingum innanlands.
2. Áður en sjómönnum eru falin skyldustörf um borð í farþegaskipum skulu þeir hafa lokið þeirri menntun og þjálfun sem er krafist í 4. til 8. lið í samræmi við stöðu sína, skyldustörf og ábyrgð.
3. Þeir sjómenn, sem krafist er að hljóti menntun og þjálfun í samræmi við 4., 7. og 8. lið, skulu afla sér viðeigandi upprifjunarmenntunar og -þjálfunar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti eða færa sönnur á að þeir hafi tileinkað sér tilskilda hæfni á næstliðnum fimm árum.
4. Skipverjar, sem hafa þ að verkefni samkvæmt neyðaráætlun að aðstoða farþega um borð í farþegaskipum í neyðartilvikum, skulu hafa lokið þjálfun í stjórn stórra hópa fólks eins og tilgreint er í 1. mgr. þáttar A-V/3 í STCW-kóðanum.
5. Skipstjórar, yfirmenn og aðrir skipverjar, sem eru settir til ákveðinna skyldustarfa og ábyrgðarstarfa um borð í farþegaskipum, skulu hafa lokið kynningarþjálfun þeirri sem er tilgreind í 2. mgr. þáttar A-V/3 í STCW-kóðanum.

6. Skipverjar, sem veita farþegum í farþegarými um borð í farþegaskipum beina þjónustu, skulu hafa lokið þjálfunarnámskeiði um öryggismál sem er tilgreint í 3. mgr. þáttar A-V/3 í STCW-kóðanum.
7. Skipstjórar, yfirstýrimenn og allir aðrir skipverjar, sem hafa með höndum bein ábyrgðarstörf vegna ferða farþega um borð og frá borði, skulu hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun vegna öryggis farþega eins og tilgreint er í 4. mgr. þáttar A-V/3 í STCW-kóðanum.
8. Skipstjórar, yfirstýrimenn, yfirvélstjórar, 2. vélstjórar og allir aðrir skipverjar, sem hafa með höndum bein ábyrgðarstörf vegna öryggis farþega í neyðartilvikum um borð í farþegaskipum, skulu hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun í að takast á við hættuástand og mannlegt atferli eins og tilgreint er í 5. mgr. þáttar A-V/3 í STCW-kóðanum.
9. Yfirvöld skulu sjá til þess að allir, sem ávinna sér réttindi í samræmi við ákvæði þessarar reglu, fái afhent skriflegt sönnunargagn um þá menntun og þjálfun sem þeir hafa hlotið.

VI. KAFLI

NEYÐARTILVIK, VINNUVERND, SJÚKRAHJÁLP OG BJÖRGUN MANNSLÍFA

Regla VI/1

Lögboðnar lágmarkskröfur til allra sjómanna vegna kynningar, grunnþjálfunar og kennslu um öryggismál

Sjómenn skulu fá kynningu og hljóta grunnþjálfun eða kennslu um öryggismál í samræmi við þátt A-VI/1 í STCW-kóðanum og fullnægja viðeigandi hæfnisstaðli sem þar er tilgreindur.

Regla VI/2

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna útgáfu sérstakra skirteina til sönnunar á hæfni í meðferð björgunarfara, léttbáta og hraðskreiðra léttbáta

1. Umsækjandi um sérstakt skirteini til sönnunar á hæfni í meðferð björgunarfara og léttbáta, annarra en hraðskreiðra léttbáta, skal:
 - 1.1. hafa náð 18 ára aldri,
 - 1.2. hafa að baki siglingatíma sem er eigi skemmri en 12 mánuðir eða hafa sótt viðurkennt þjálfunarnámskeið og hafa að baki viðurkenndan siglingatíma sem er eigi skemmri en sex mánuðir,
 - 1.3. fullnægja þeim hæfnisstaðli vegna sérstakra skirteina til sönnunar á hæfni í meðferð björgunarfara og léttbáta sem er settur fram í 1. til 4. mgr. þáttar A-VI/2 í STCW-kóðanum.
2. Umsækjandi um sérstakt skirteini til sönnunar á hæfni í meðferð hraðskreiðra léttbáta skal:
 - 2.1. vera handhafí sérstaks skirteinis til sönnunar á hæfni í meðferð björgunarfara og léttbáta, annarra en hraðskreiðra léttbáta,
 - 2.2. hafa sótt viðurkennt þjálfunarnámskeið,
 - 2.3. fullnægja þeim hæfnisstaðli vegna sérstakra skirteina til sönnunar á hæfni í meðferð hraðskreiðra léttbáta sem er settur fram í 5. til 8. mgr. þáttar A-VI/2 í STCW-kóðanum.

Regla VI/3

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna þjálfunar til erfiðra slökkvistarfa

1. Sjómenn, sem eru settir til að stjórna slökkvistörfum, skulu hafa lokið með viðunandi árangri framhaldsþjálfun í aðferðum við slökkvistarf með sérstakri áherslu á skipulag, aðferðir og stjórnun í samræmi við ákvæði þáttar A-VI/3 í STCW-kóðanum og fullnægja hæfnisstaðlinum sem tilgreindur er þar.

2. Ef framhaldsþjálfun í slökkvistörfum er ekki hluti af því sem krafist er vegna viðkomandi skirteinis skal gefa út sérstakt skirteini eða annað skriflegt sönnunargagn, eftir því sem við á, þar sem fram kemur að handhafi þess hafi sótt framhaldsnámskeið í slökkvistörfum.

Regla VI/4

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna hjálpar í viðlögum og sjúkrahjálpar

1. Sjómenn, sem eru settir til þess að veita hjálp í viðlögum um borð í skipi, skulu fullnægja þeim hæfnisstaðli, vegna hjálpar í viðlögum, sem er tilgreindur í 1., 2. og 3. mgr. þáttar A-VI/4 í STCW-kóðanum.
2. Sjómenn, sem eru settir til þess að stjórna sjúkrahjálpi um borð í skipi, skulu fullnægja þeim hæfnisstaðli vegna sjúkrahjálpar í skipum sem er tilgreindur í 4., 5. og 6. mgr. þáttar A-VI/4 í STCW-kóðanum.
3. Ef þjálfun í hjálpi í viðlögum eða sjúkrahjálpi er ekki hluti af því, sem er krafist til réttinda vegna viðkomandi skirteinis skal gefa út sérstakt skirteini eða annað skriflegt sönnunargagn, eftir því sem við á, þar sem fram kemur að handhafi þess hafi sótt námskeið í hjálpi í viðlögum eða sjúkrahjálpi.

VII. KAFLI

ANNARS KONAR ÚTGÁFA ATVINNUSKÍRTEINA

Regla VII/1

Útgáfa annars konar skirteina

1. Þrátt fyrir þær kröfur sem eru gerðar vegna útgáfu atvinnuskirteina í II. og III. kafla þessa viðauka er aðildarríkjunum heimilt að gefa út annars konar skirteini en þau sem eru nefnd í reglum þessara kafla, eða leyfa útgáfu þeirra, enda sé eftirtöldum skilyrðum fullnægt:
 - 1.1. starfssvið og ábyrgðarstig, sem koma eiga fram á þessum skirteinum og áritunum, skulu vera meðal þeirra sem finna má í þáttum A-II/1, A-II/2, A-II/3, A-II/4, A-III/1, A-III/2, A-III/3, A-III/4 og A-IV/2 í STCW-kóðanum og skulu skilgreind með sama hætti,
 - 1.2. umsækjendur skulu hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja þeim kröfum um hæfnisstaðla sem mælt er fyrir um í viðeigandi þáttum STCW-kóðans og settar eru fram í þætti A-VII/1 í sama kóða og eiga við það starfssvið og það ábyrgðarsvið sem eiga að koma fram á skirteinum og áritunum,
 - 1.3. umsækjendur skulu hafa að baki viðurkenndan siglingatíma, eins og viðeigandi er fyrir þau starfssvið og þau ábyrgðarsvið sem eiga að koma fram á skirteininu. Siglingatíminn skal eigi vera skemmri en sá sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla þessa viðauka. Þó skal hann ekki vera skemmri en mælt er fyrir um í þætti A-VII/2 í STCW-kóðanum,
 - 1.4. þeir umsækjendur um útgáfu atvinnuskirteina, sem eiga að sinna siglingafræðistörfum á framkvæmdasviði, skulu fullnægja gildandi kröfum reglnanna í IV. kafla, eftir því sem við á, til að geta sinnt tilteknum skyldustörfum við fjarskipti í samræmi við alþjóðafjarskiptareglurnar,
 - 1.5. skirteinin skal gefa út í samræmi við kröfurnar í 11. gr. og ákvæðin sem koma fram í VII. kafla STCW-kóðans.
2. Ekki má gefa út skirteini samkvæmt þessum kafla nema aðildarríkin hafi sent framkvæmdastjórninni upplýsingarnar sem krafist er í STCW-samþykktinni.

Regla VII/2

Útgáfa atvinnuskirteina sjómanna

Allir sjómenn, sem hafa með höndum starfssvið, eitt eða fleiri, sem eru tilgreind í töflum A-II/1, A-II/2, A-II/3 eða A-II/4 í II. kafla STCW-kóðans eða í töflum A-III/1, A-III/2, A-III/4 í III. kafla eða A-IV/2 í IV. kafla sama kóða, skulu hafa viðeigandi skirteini.

Regla VII/3

Meginreglur um útgáfu annars konar skirteina

1. Hvert það aðildarríki, sem tekur þann kost að gefa út annars konar skirteini eða leyfa útgáfu þeirra, skal sjá til þess að eftirfarandi meginreglum sé fylgt:
 - 1.1. einungis er heimilt að gefa út annars konar atvinnuskirteini að tryggt sé a.m.k. jafnmikið öryggi á sjó og jafnmiklar mengunarvarnir og kveðið er á um í hinum köflunum,
 - 1.2. hvert það fyrirkomulag sem viðhaft er á útgáfu annars konar skirteina samkvæmt þessum kafla skal vera með þeim hætti að tryggt sé að skirteinin séu jafngild þeim sem eru gefin út í samræmi við hina kaflana.
2. Meginreglan í 1. lið um að skirteinin skuli vera jafngild á að tryggja:
 - 2.1. að sjómenn, sem hafa skirteini í samræmi við II. og/eða III. kafla, og sjómenn, sem hafa skirteini í samræmi við VII. kafla, geti starfað á skipum þar sem skipulag er með hefðbundnum hætti og skipum þar sem skipulag er annað,
 - 2.2. að sjómenn séu ekki þjálfaðir til ákveðinna starfa um borð á þann hátt að þeim sé gert erfitt um vik að nýta færni sína annars staðar.
3. Þegar skirteini eru gefin út í samræmi við ákvæðin í þessum kafla skal fylgja eftirfarandi meginreglum:
 - 3.1. óheimilt er að grípa til útgáfu annars konar skirteina í þeim tilgangi:
 - 3.1.1. að fækka mönnum í áhöfn,
 - 3.1.2. að draga úr styrk starfsstéttarinnar eða rýra gildi starfsmenntunar hjá sjómönnum eða
 - 3.1.3. að réttlæta það að einum og sama skirteinishafa séu fengin í hendur skyldustörf yfirmanns í vélarrúmi og yfirmanns á þilfari á einni og sömu vaktinni,
 - 3.2. að sá sem er við stjórn skal heita skipstjóri og tilhögun við veitingu annars konar skirteina má ekki rýra lagalega stöðu og lagalegt vald skipstjóra né annarra.
4. Meginreglurnar í 1. og 2. lið þessarar reglu skulu tryggja að hæfni yfirmanna sé viðhaldið, bæði á þilfari og í vélarrúmi.

II. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR SEM UM GETUR Í A-LIÐ 2. MGR. 19. GR. FYRIR VIÐURKENNINGU ÞRIÐJU LANDA, SEM HAFA GEFID ÚT SKIRTEINI, EÐA VEITT ÖÐRUM UMBOÐ TIL AÐ GEFA ÚT SKIRTEINI

1. Þriðja landið skal vera samningsaðili að STCW-samþykktinni.
2. Siglingaöryggisnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar skal hafa staðfest að viðkomandi þriðja land hafi uppfyllt ákvæði STCW-samþykktarinnar að fullu.
3. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við Siglingaöryggisstofnun Evrópu og með mögulegri þátttöku annarra viðkomandi aðildarríkja, hafa staðfest og gert allar nauðsynlegar ráðstafanir, m.a. að skoða aðstöðu eða kanna verklagsreglur, til að ganga úr skugga um að farið hafi verið í einu og öllu að kröfum um hæfnistaðla, útgáfu og áritun skirteina og skráningu og að gæðastaðlakerfi hafi verið komið á samkvæmt reglu I/8 í STCW-samþykktinni.
4. Aðildarríkið skal vera um það bil að ganga frá samningi við hlutaðeigandi þriðja land þess efnis að tilkynning verði gefin út þegar í stað verði mikilvæg breyting á fyrirkomulagi menntunar og þjálfunar og skirteinisútgáfu sem kveðið er á um í samræmi við STCW-samþykktina.
5. Aðildarríkin hefur gert ráðstafanir til að tryggja að sjómenn, sem leggja skirteini fram til viðurkenningar vegna starfa á stjórnunarsviði, hafi fullnægjandi þekkingu á siglingalögum viðkomandi aðildarríkis sem lúta að þeim störfum sem þeim er heimilt að gegna.
6. Ef aðildarríki óskar eftir því að gera viðbótarmat á því hvort þriðja land uppfylli ákvæðin með því að meta menntastofnanir fyrir sjómenn skal það gera það í samræmi við þátt A-I/6 í STCW-kóðanum.

III. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 32. gr.)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins
2001/25/EB (Stjtið. EB L 136, 18.5.2001,
bls. 17).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins
2002/84/EB (Stjtið. EB L 324,
29.11.2002, bls. 53).

eingöngu 11. gr.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins
2003/103/EB (Stjtið. ESB L 326,
13.12.2003, bls. 28).

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar
2005/23/EB (Stjtið. ESB L 62, 9.3.2005,
bls. 14).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins
2005/45/EB (Stjtið. ESB L 255,
30.9.2005, bls. 160).

eingöngu 4. gr.

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 32. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
2002/84/EB	23. nóvember 2003
2003/103/EB	14. maí 2005
2005/23/EB	29. september 2005
2005/45/EB	20. október 2007

IV. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 2001/25/EB	Þessi tilskipun
1. gr.	1. gr.
Inngangsorð 2. gr.	Inngangsorð 2. gr.
fyrsti til fjórði undirliður 2. gr.	a- til d-liður 2. gr.
3. til 7. gr.	3. til 7. gr.
7. gr. a	8. gr.
8. gr.	9. gr.
Inngangsorð í 1. mgr. 9. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr.
a- og b-liður 1. mgr. 9. gr.	a- og b-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr.
Fyrsti málslíður c-liðar 1. mgr. 9. gr.	c-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr.
Annar málslíður c-liðar 1. mgr. 9. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 10. gr.
d-liður 1. mgr. 9. gr.	d-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr.
2. og 3. mgr. 9. gr.	2. og 3. mgr. 10. gr.
10. gr.	11. gr.
11. gr.	12. gr.
12. gr.	13. gr.
13. gr.	14. gr.
14. gr.	15. gr.
15. gr.	16. gr.
Inngangssætning 1. mgr. 16. gr.	Inngangssætning 1. mgr. 17. gr.
Fyrsti til fjórði undirliður 1. mgr. 16. gr.	a- til d-liður 1. mgr. 17. gr.
Inngangsorð í 2. mgr. 16. gr.	Inngangsorð í 2. mgr. 17. gr.
1. og 2. liður a-liðar 2. mgr. 16. gr.	i. og ii. liður a-liðar 2. mgr. 17. gr.
b- og c-liður 2. mgr. 16. gr.	b- og c-liður 2. mgr. 17. gr.
1. og 2. liður d-liðar 2. mgr. 16. gr.	i. og ii. liður d-liðar 2. mgr. 17. gr.
i. og ii. liður 3. liðar d-liðar 2. mgr. 16. gr.	Fyrsti og annar undirliður iii. liðar d-liðar 2. mgr. 17. gr.
e-liður 2. mgr. 16. gr.	e-liður 2. mgr. 17. gr.
1. til 5. liður f-liðar 2. mgr. 16. gr.	i. til v. liður f-liðar 2. mgr. 17. gr.
g-liður 2. mgr. 16. gr.	g-liður 2. mgr. 17. gr.
17. gr.	18. gr.
1. og 2. mgr. 18. gr.	□
Inngangssætning 3. mgr. 18. gr.	1. mgr. 19. gr.
a-liður 3. mgr. 18. gr.	2. mgr. 19. gr.
b-liður 3. mgr. 18. gr.	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 19. gr.
c-liður 3. mgr. 18. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 19. gr.
d-liður 3. mgr. 18. gr.	4. mgr. 19. gr.
e-liður 3. mgr. 18. gr.	5. mgr. 19. gr.
f-liður 3. mgr. 18. gr.	6. mgr. 19. gr.
4. mgr. 18. gr.	7. mgr. 19. gr.

Tilskipun 2001/25/EB	Þessi tilskipun
Fyrsti og annar málslíður 1. mgr. 18. gr. a	Fyrsta og önnur undirgrein 1. mgr. 20. gr.
Fyrsti og annar málslíður 2. mgr. 18. gr. a	Fyrsta og önnur undirgrein 2. mgr. 20. gr.
3. til 5. mgr. 18. gr. a	3. til 5. mgr. 20. gr.
Fyrsti og annar málslíður 6. mgr. 18. gr. a	Fyrsta og önnur undirgrein 6. mgr. 20. gr.
7. mgr. 18. gr. a	7. mgr. 20. gr.
18. gr. b	21. gr.
19. gr.	22. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 20. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 23. gr.
Fyrsti og annar undirliður 1. mgr. 20. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 23. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 20. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 23. gr.
Fyrsti til sjötti undirliður 2. mgr. 20. gr.	a- til f-liður 2. mgr. 23. gr.
3. mgr. 20. gr.	3. mgr. 23. gr.
21. gr.	24. gr.
21. gr. a	25. gr.
<input type="checkbox"/>	1. mgr. 26. gr.
Fyrsti málslíður 21. gr. b	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 26. gr.
Annar málslíður 21. gr. b	Önnur undirgrein 2. mgr. 26. gr.
Fyrsti málslíður 1. mgr. 22. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 27. gr.
Annar málslíður 1. mgr. 22. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 27. gr.
<input type="checkbox"/>	Þriðja undirgrein 1. mgr. 27. gr.
3. og 4. mgr. 22. gr.	2. og 3. mgr. 27. gr.
1. og 2. mgr. 23. gr.	1. og 2. mgr. 28. gr.
<input type="checkbox"/>	3. mgr. 28. gr.
3. mgr. 23. gr.	<input type="checkbox"/>
1. og 2. mgr. 24. gr.	<input type="checkbox"/>
1. og 2. liður 3. mgr. 24. gr.	a- og b-liður 29. gr.
25. gr.	30. gr.
Fyrsti málslíður 26. gr.	Fyrsta málsgrein 31. gr.
Annar málslíður 26. gr.	Önnur málsgrein 31. gr.
27. gr.	32. gr.
28. gr.	33. gr.
29. gr.	34. gr.
I. og II. viðauki	I. og II. viðauki
III. viðauki	
IV. viðauki	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	III. viðauki
<input type="checkbox"/>	IV. viðauki

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/106/EB

2010/EES/32/28

frá 14. ágúst 2009

um breytingu á tilskipun ráðsins 2001/112/EB varðandi aldinsafa og tiltekna, álíka vörur til manneldis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalaganna,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2001/112/EB frá 20. desember 2001 varðandi aldinsafa og tiltekna álíka vörur til manneldis ⁽¹⁾, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í því skyni að stuðla að frjálsum flutningi á aldinsafa og tilteknum, svipuðum vörum innan Bandalagsins er í tilskipun 2001/112/EB mælt fyrir um sértæk ákvæði varðandi framleiðslu, samsetningu og merkingu þeirra vara sem um er að ræða. Þessar reglur skulu lagaðar að tækniframförum og þær skulu taka mið af þróun á viðeigandi, alþjóðlegum stöðlum, einkum Codex-staðlinum fyrir aldinsafa og nektarsafa (Codex-staðall 247-2005), sem samþykktur var á 28. fundi alþjóðamatvælskrárráðsins 4.–9. júlí 2005, og reglum Samtaka evrópskra safafframleiðenda (AIJN) um starfsvenjur.

2) Í Codex-staðlinum eru einkum fastsettar gæðakröfur og kröfur um merkingu fyrir aldinsafa og svipaðar vörur. Í reglum Samtaka evrópskra safafframleiðenda um starfsvenjur eru einnig fastsettar gæðakröfur fyrir ávaxtasafa úr þykkni og þær eru notaðar sem alþjóðlegur viðmiðunarstaðall við innra eftirlit í aldinsafaiðnaðinum. Færa skal tilskipun 2001/112/EB, eftir þá sem við verður komið, til samræmis við þess staðla.

3) Í Codex-staðlinum er mælt fyrir um að lýsa skuli vöru, sem verður til þegar ávaxtaþykkni er endurgert með því að bæta í það vatni, sem „ávaxtasafa úr þykkni“. Í samsvarandi kröfum um merkingu á vettvangi Bandalagsins skal einnig nota þessi alþjóðlega viðurkenndu hugtök. Til að tryggja samræmda merkingu í öllum aðildarríkjum skal, ef nauðsyn krefur, breyta útgáfum á mismunandi tungumálum til samræmis við orðalagið í Codex-staðlinum.

4) Í Codex-staðlinum og reglum Samtaka evrópskra safafframleiðenda um starfsvenjur eru einnig fastsett lægstu Brix-gildi fyrir tilgreinda ávaxtasafa úr þykkni; þar eð þessi gildi auðvelda prófanir er varða kröfur um lágmarksgæði skal hafa hliðsjón af þeim að því marki sem þau samsvara þeim viðmiðunargildum sem notuð eru í Bandalaginu.

5) Breyta ber tilskipun 2001/112/EB til samræmis við þetta.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Tilskipun 2001/112/EB er breytt sem hér segir:

1. Í 6. mgr. 3. gr. komi annars vegar orðin „úr þykkni“ í stað orðanna „framleitt úr þykkni“ og hins vegar orðin „að hluta til úr þykkni“ í stað orðanna „framleitt að hluta til úr þykkni“.

2. Í stað annars undirliðar í b-lið 1. mgr. I. hluta (skilgreiningar) í I. viðauka komi eftirfarandi:

„Skynrænir eiginleikar og greiningareiginleikar vörunnar, sem er unnin á þennan hátt, skulu a.m.k. jafngilda sömu eiginleikum venjulegs ávaxtasafa sem unninn er úr sömu gerð ávaxta í skilningi a-liðar. Lægstu Brix-gildi fyrir ávaxtasafa úr þykkni eru gefin upp í V. viðauka.“

3. Textinn í viðauka þessarar tilskipunar bætist við sem V. viðauki.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 212, 15.8.2009, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 10, 12.1.2002, bls. 58.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega.

Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. ágúst 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann FISCHER BOEL

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

„V. VIDAUKI

Almennt heiti aldins	Grasafræðaheiti	Lægstu Brix-gildi fyrir aldinsafa og aldinmauk sem hefur verið endurgert með því að bæta í það vatni
Epli (*)	<i>Malus domestica</i> Borkh.	11,2
Aprikósar (**)	<i>Prunus armeniaca</i> L.	11,2
Bananar (**)	<i>Musa</i> sp.	21,0
Sólber (*)	<i>Ribes nigrum</i> L.	11,6
Þrúgur (*)	<i>Vitis vinifera</i> L. eða þrúgublendingar <i>Vitis labrusca</i> L. eða þrúgublendingar	15,9
Greipaldin (*)	<i>Citrus x paradise</i> Macfad.	10,0
Gvava (**)	<i>Psidium guajava</i> L.	9,5
Sítrónur (*)	<i>Citrus limon</i> (L.) Burm.f.	8,0
Mangó (**)	<i>Mangifera indica</i> L.	15,0
Appelsínur (*)	<i>Citrus sinensis</i> (L.) Osbeck	11,2
Píslaraldin (*)	<i>Passiflora edulis</i> Sims	13,5
Ferskjur (**)	<i>Prunus persica</i> (L.) Batsch afbrigði <i>Persica</i>	10,0
Perur (**)	<i>Pyrus communis</i> L.	11,9
Ananas (*)	<i>Ananas comosus</i> (L.) Merr.	12,8
Hindber (*)	<i>Rubus idaeus</i> L.	7,0
Súrkirsuber (*)	<i>Prunus cerasus</i> L.	13,5
Jarðarber (*)	<i>Fragaria x ananassa</i> Duch.	7,0
Mandarínur (*)	<i>Citrus reticulata</i> Blanco	11,2

Ef safi úr þykkni er unninn úr aldini, sem ekki er getið um í framangreindri skrá, skal lægsta Brix-gildi safans, sem endurgerður hefur verið með því að blanda hann vatni, vera það Brix-gildi sem safinn hefur þegar hann er unninn úr aldinu sem notað er til að framleiða þykknið. Að því er varðar vörur merktar með stjörnu (*), sem framleiddar eru sem safi, er lágmarkseðlismassi ákvarðaður út frá vatni við 20/20 °C. Að því er varðar vörur merktar með tveimur stjörnum (**), sem framleiddar eru sem mauk, er einungis ákvarðað óleiðrétt, lægsta Brix-gildi (án leiðréttingar fyrir síru). Að því er varðar sólber, gvava, mangó og píslaraldin eiga lægstu Brix-gildi eingöngu við um aldinsafa og -mauk, sem hafa verið endurgerð með því að bæta í þau vatni, sem eru framleidd innan Bandalagsins.“

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/78/EB

2010/EES/32/29

frá 29. september 2006

um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. viðauka við hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

Að höfðu samráði við vísindanefndina um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aukaafurðir úr dýrum, sem falla undir efni í 1. eða 2. flokki samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002, um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, eru bannaðar sem hluti af framleiðsluferli tæknilegrar vöru, s.s. snyrtivöru⁽²⁾. Þessar takmarkanir á uppruna, sem eru settar á snyrtivörur sem framleiddar eru innan Bandalagsins, skulu auknar þannig að þær nái yfir innfluttar vörur.
- 2) Þar eð sérstakt áhættuefni, sem skilgreint er í V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörmunar⁽³⁾, heyrir undir efni í 1. flokki, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1774/2002, er ekki lengur nauðsynlegt að visa til þess viðauka í færslu nr. 419 í II. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

- 3) Í samræmi við 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 gilda ákvæði A-hluta XI. viðauka við þá reglugerð uns samþykkt verður ákvörðun í samræmi við 2. eða 4. mgr. 5. gr. en eftir það öðlast 8. gr. reglugerðarinnar og V. viðauki við hana gildi.

- 4) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við það.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í II. viðauka við tilskipun 76/768/EBE komi eftirfarandi í stað færslu nr. 419:

„419. Efni í 1. og 2. flokki, eins og þau eru skilgreind í 4. og 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002, og innihaldsefni sem eru unnin úr þeim.“

(⁽¹⁾) Stjtið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. mars 2007. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 56. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(⁽¹⁾) Stjtið. EB L 262, 27.9. 1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/65/EB (Stjtið. EB L 198, 23.12.2006, bls. 11).

(⁽²⁾) Stjtið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2006 (Stjtið. ESB L 36, 8.2.2006, bls. 25).

(⁽³⁾) Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1041/2006 (Stjtið. ESB L 187, 8.4.2006, bls. 10).

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. september 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/129/EB

2010/EES/32/30

frá 9. október 2009

um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga III. viðauka við hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um neysluvörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Flúorsambönd falla eins og sakir standa undir tilvísunarnúmer 26-43 og tilvísunarnúmer 47 og 56 í 1. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE. Leyfilegur hámarksstyrkur þeirra í tannkreminni miðast við innihald hreins flúors (0,15% reiknað sem F, þ.e. 1500 milljónarhlutar).
- 2) Vísindanefndin um neysluvörur, en í stað hennar kom vísindanefndin um öryggi neytenda (hér á eftir nefnd „nefndin“) ⁽²⁾, lýsti því yfir í álitinu SCCP/0882/08 að samkvæmt fyrirbyggjandi rannsóknaniðurstöðum væri leyfilegur hámarksstyrkur flúoríðs, 0,15% (1500 milljónarhlutar F-), ekki öryggisvandi þótt börn yngri en sex ára notuðu tannkreminni. Notuð voru gögn úr rannsóknum sem tóku einkum til natriumflúoríðs.

- 3) Á grundvelli niðurstaðna nefndarinnar var með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/53/EB frá 29. ágúst 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga III. viðauka við hana að tækniframförum ⁽³⁾, innleidd sú krafa, að því er varðar reglufest flúorsambönd, að prenta yrði varnaðarorð á merkimiða á tannkremum sem innihalda flúoríð. Þessi krafa vísar til innihalds flúoríðs í stað hreins flúors. Þar af leiðir að krafan varðandi merkingu, sem innleidd var, nær ekki yfir öll flúorsambönd sem eru skráð í 1. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

- 4) Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar gerði nefndin það ljóst að í álitum SCCNFP/0653/03 og SCCP/0882/05 hefði verið bent á að yfirfærsla yfir á önnur flúorsambönd, sem skráð eru í 1. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE, gengi ekki nema með tilliti til flúoreitrunar. Nefndin telur þó, að því er varðar tilvísunina til flúorsambanda í 1. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE, sem var innleidd í tilskipun 2007/53/EB, að heitin „flúor“ og „flúoríð“ séu sambærileg og jafngild.

- 5) Til að tryggja réttarvissu er nauðsynlegt að skýra að krafan varðandi merkingu á við um öll 20 flúorsamböndin, sem skráð eru í 1. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE, en ekki eingöngu um þau sem innihalda flúoríð.

- 6) Því skal skilyrðið um þá merkingu, sem prenta verður á merkimiða á tannkremum sem innihalda flúorsambönd og sem skráð eru í 1. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE, vísa til flúorinnihalds í stað flúoríðinnihalds. Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við það.

- 7) Til að umskiptin gangi snurðalaust fyrir sig skulu aðildarríkin ekki banna að vörur, sem uppfylla skilyrði þessarar tilskipunar, séu markaðssettar áður en tilskipunin tekur gildi.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. apríl 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 15. október 2010.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.

⁽²⁾ Heiti nefndarinnar var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/721/EB (Stjtið. ESB L 241, 10.9.2008, bls. 21).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 226, 30.8.2007, bls. 19.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Aðildarríkin skulu ekki banna markaðssetningu á tannkremi, sem er merkt í samræmi við ákvæði til lögleiðingar á þessari tilskipun, fyrir þann dag sem settur er fram í annarri undirgrein 1. mgr. 2. gr.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. október 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

VIÐAUKI

Í f-dálki, sem svarar til tilvísunarnúmeranna 26 til 43, 47 og 56 í 1. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE, komi eftirfarandi málslíðir í stað textans á eftir fyrstu setningunni:

„Skylda er að merkja tannkrem, sem inniheldur flúorsambönd af styrkleika 0,1 til 0,15%, reiknað sem F, á eftirfarandi hátt nema það sé þegar merkt þannig að ekki eigi að nota það fyrir börn (t.d. „eingöngu fyrir fullorðna“):

„Börn 6 ára og yngri: Nota skal magn á stærð við baun og hafa eftirlit með burstun til að sem minnstu sé kyngt. Leita skal ráða hjá tannlækni eða lækni ef flúoríð er jafnframt tekið inn á annan hátt“.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/130/EB

2010/EES/32/31

frá 12. október 2009

um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að aðlagða III. viðauka við hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

að iðnaðurinn leggi fram skrár með vísindagögnum um hárlitunarefni sem nefndin á að meta.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um öryggi neytenda,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í kjölfar birtingar vísindarannsóknar árið 2001, sem ber yfirskriftina: „Notkun á varanlegum hárlitunarefnum og áhætta með tilliti til krabbameins í þvagblöðru“ (e. Use of permanent hair dyes and bladder cancer risk), komst vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli, en í stað hennar kom vísindanefndin um öryggi neytenda (hér á eftir nefnd „nefndin“) ⁽²⁾, að þeirri niðurstöðu að hugsanlegir áhættuþættir væru áhyggjuefni. Nefndin mælti með því að framkvæmdastjórnin gerði frekari ráðstafanir til að hafa eftirlit með notkun hárlitunarefna.
- 2) Nefndin mælti enn fremur með heildaráætlun um öryggismat á hárlitunarefnum þar sem gerðar væru kröfur um prófun á hugsanlegum erfðaeiturhrifum eða stökkbreytandi áhrifum efna sem eru notuð í hárlitunarvörur.
- 3) Í kjölfar álits nefndarinnar samþykkti framkvæmdastjórnin, ásamt aðildarríkjunum og hagsmunaaðilum, heildaráætlun um að setja reglur um efni sem eru notuð í hárlitunarvörur en samkvæmt áætluninni er þess krafist

- 4) Efni p-fenýlendíamín (PPD) og tólúen-2,5-díamín (PTD) falla eins og sakir standa undir almennu færslurnar 8 og 9 í 1. hluta III. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE. Nefndin flokkaði þessi efni sem afar næmandi efni sem stuðli að stórum hluta að útbreiðslu húðofnæmis meðal neytenda af völdum hárlitunarefna. Áhættumat á viðbótargögnum, sem lögð voru fram um p-fenýlendíamín og tólúen-2,5-díamín, og lokaákvæðanir nefndarinnar varðandi öryggi þessara efna kunna að taka töluverðan tíma til viðbótar. Sem varúðarráðstöfun til að draga úr áhættu með tilliti til ofnæmis fyrir hárlitunarvörum meðal neytenda skal nú þegar minnka leyfilegan hámarksstyrk p-fenýlendíamíns og tólúen-2,5-díamíns niður í þau gildi sem iðnaðurinn hefur gefið upp í framlögðum öryggisgögnum.

- 5) Þar eð efni p-fenýlendíamín og tólúen-2,5-díamín eru eins og sakir standa flokkuð undir almennar færslur í 1. hluta III. viðauka skal búa til sérstök tilvísunarnúmer fyrir þessi efni með lægri leyfilegum hámarksstyrk.

- 6) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/88/EB ⁽³⁾ var notkun hýdrókinóns í oxandi hárlitunarvörur bönnuð með því að fella brott viðkomandi notkunarvið í c-dálki undir tilvísunarnúmeri 14 í 1. hluta III. viðauka. Fyrir skýrleika sakir skal einnig fella brott leyfilegan 3% styrk í d-dálki og einnig skal fella brott notkunaraskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann og sem tilgreind eru í a-lið í f-dálki undir tilvísunarnúmeri 14.

- 7) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við það.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 268, 13.10.2009, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.

⁽²⁾ Heiti nefndarinnar var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/721/EB (Stjtið. ESB L 241, 10.9.2008, bls. 21).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 256, 24.9.2008, bls. 12.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáðgangsfyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. apríl 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þeim ákvæðum sem sett eru fram í viðaukanum við þessa tilskipun frá 15. júlí 2010.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. október 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

VIÐAUKI

Tilskipun 76/768/EBE er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. hluta III. viðauka:

- a) í b-dálki undir tilvísunarnúmeri 8 komi eftirfarandi í stað orðanna „p-fenýlendíamín, N-setnar afleiður og sölt þess, N-setnar afleiður o-fenýlendíamíns^o(5), að undanskildum þeim afleiðum sem skráðar eru annars staðar í þessum viðauka og undir tilvísunarnúmerum 1309, 1311 og 1312 í II. viðauka“:

„N-setnar afleiður p-fenýlendíamíns og sölt þeirra, N-setnar afleiður o-fenýlendíamíns^o(5), að undanskildum þeim afleiðum sem skráðar eru annars staðar í þessum viðauka og undir tilvísunarnúmerum 1309, 1311 og 1312 í II. viðauka“.

- b) Eftirfarandi tilvísunarnúmer 8a bætist við á eftir tilvísunarnúmeri 8:

Tilvísunar númer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
a	b	c	d	e	f
„8a	p-fenýlendíamín og sölt þess ^o (⁵) CAS-nr. 106-50-3 Einecs-nr. 203-404-7 p-fenýlendíamín HCl CAS-nr. 624-18-0 Einecs-nr. 210-834-9 p-fenýlendíamínsúlfat CAS-nr. 16245-77-5 Einecs-nr. 240-357-1	Hárlitunarefni í oxandi hárlitunar- vörum a) Til almennrar notkunar b) Til faglegrar notkunar		a) og b) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 2%, reiknaður sem óbundinn basi.	a) Getur valdið ofnæmisviðbrögðum. Inniheldur fenýlendíamín. Notist ekki til að lita augnhár eða augabrúnir. b) Aðeins fyrir fagmenn Inniheldur fenýlendíamín. Getur valdið ofnæmisvið- brögðum. Notið viðeigandi hlífðarhanska.“

- c) í b-dálki undir tilvísunarnúmeri 9 komi eftirfarandi í stað orðanna „Metýlfenýlendíamín, N-setnar afleiður og sölt þeirra^o(1), að undanskildum efnum undir tilvísunarnúmerum 364, 1310 og 1313 í II. viðauka“:

Metýlfenýlendíamín, N-setnar afleiður og sölt þeirra^o(1), að undanskildum efnum undir tilvísunarnúmeri 9a í þessum viðauka og efnum undir tilvísunarnúmerum 364, 1310 og 1313 í II. viðauka“.

d) Eftirfarandi tilvísunarnúmer 9a bætist við á eftir tilvísunarnúmeri 9:

Tilvísunar númer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
a	b	c	d	e	f
„9a	Tólúen-2,5-díamín og sölt þess ⁽¹⁾ CAS-nr. 95-70-5 Einecs-nr. 202-442-1 Tólúen-2,5- díamínsúlfat CAS-nr. 615-50-9 Einecs-nr. 210-431-8	Hárlitunarefni í oxandi hárlitun- arvörum a) Til almennrar notkunar b) Til faglegrar notkunar		a) og b) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarks- styrkur við notkun í hár ekki fara yfir 4%, reiknaður sem óbundinn basi.	Eins og getið er í f-dálki undir tilvísunarnúmeri 9.“

e) Undir tilvísunarnúmeri 14 falli leyfilegur 3% hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru brott í d-dálki og a-liður í f-dálki.

TILSKIPUN RÁÐSINS

2010/EES/32/32

frá 21. nóvember 1989

um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu löggjafar um heilbrigði dýra og dýrarækt (*)

(89/608/EEB)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í landbúnaðarmálum hefur verið komið á viðtækum reglum á sviði heilbrigði dýra og dýraræktar.

Nauðsynlegt er að efla samvinnu yfirvalda í aðildarríkjunum sem bera ábyrgð á beitingu reglna um heilbrigði dýra og dýrarækt til að tryggja snurðulausa framkvæmd hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu og starfsemi sameiginlega markaðarins með landbúnaðarafurðir og einnig til að afnema dýraheilbrigðisefirlit á landamærum svo koma megi á innri markaði fyrir þær vörur sem slíkt eftirlit er haft með.

Því ber að koma á reglum sem skylda lögbær yfirvöld aðildarríkjanna til að veita hvert öðru gagnkvæma aðstoð og vinna að því með framkvæmdastjórninni að tryggja rétta beitingu reglna um heilbrigði dýra og dýrarækt, einkum með því að koma í veg fyrir og afhjúpa misbeitingu á slíkum reglum og hverri þeirri starfsemi sem virðist vera í andstöðu við þær.

Ákvörðun þessara reglna skal svo sem frekast er unnt byggjast á bandalagsákvörðunum í reglugerð ráðsins (EEB) nr. 1468/81 frá 19. maí 1981 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu löggjafar um tolla- og landbúnaðarmál ⁽⁴⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EEB) nr. 945/87 ⁽⁵⁾. Einnig ber að taka til greina séreinkenni heilbrigðisreglna.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er kveðið á um hvernig lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á eftirliti með löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt í aðildarríkjunum, skulu vinna saman innbyrðis og með hlutaðeigandi deildum framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja að farið sé að þessari löggjöf.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „löggjöf um dýraheilbrigði“: öll bandalagsákvæði og ákvæði sem stuðla að beitingu bandalagsreglna um dýraheilbrigði, almannaheilbrigði í tengslum við dýraheilbrigði, dýraheilbrigðisskoðun, kjöt og aðrar afurðir sem eru upprunnar úr dýraríkinu og dýravernd,
- „löggjöf um dýrarækt“: öll bandalagsákvæði og ákvæði sem stuðla að beitingu bandalagsreglna um dýrarækt,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 351, 2.12.1989, bls. 34. Þessi gerð var hluti af EES-samningnum þegar hann var gerður og hana er því ekki að finna í neinni ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 225, 31.8.1988, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 326, 19.12.1988, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 56, 6.3.1989, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 144, 2.6.1981, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 90, 2.4.1987, bls. 3.

- „yfirvald sem sækir um aðstoð“: lögbært yfirvald í aðildarríki sem fer fram á aðstoð,
- „yfirvald sem beðið er um aðstoð“: lögbært yfirvald í aðildarríki sem farið er fram á að aðstoði.

2. Aðildarríkin skulu senda öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni skrá yfir þau lögbæru yfirvöld sem um getur í 1. gr.

3. gr.

Sú skylda að veita aðstoð, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skal ekki hafa áhrif á veitingu upplýsinga eða skjöl sem lögbær yfirvöld, sem um getur í 1. gr., fá í krafti þess valds sem þau beita að beiðni yfirvalds á sviði dómgæslu.

Þegar sótt er um aðstoð skal þó veita slíkar upplýsingar eða útvega skjöl, með fyrirvara um 14. gr., í öllum tilvikum þegar yfirvald á sviði dómgæslu, sem leita skal til, veitir samþykki sitt til þess.

I. BÁLKUR

Aðstoð samkvæmt beiðni

4. gr.

1. Að ítarlegri rökstuddri beiðni yfirvalds, sem sækir um aðstoð, skal yfirvaldið, sem beðið er um aðstoð,
 - láta yfirvaldinu, sem sækir um aðstoð, í té allar upplýsingar, vottanir, skjöl eða staðfest afrit sem þau hafa í sinni vörslu eða sem unnt er að fá í samræmi við 2. mgr. og gerir þeim kleift að hafa eftirlit með hvort farið hafi verið að ákvæðunum í löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt,
 - láta fara fram nauðsynlega rannsókn á þeim aðstæðum sem yfirvaldið, sem sækir um aðstoð, tilgreinir og láta það vita um útkomu þessara rannsókna, þar með talið upplýsingarnar sem rannsóknirnar byggjast á.
2. Til að fá þessar upplýsingar skal yfirvaldið, sem beðið er um aðstoð, eða stjórnvald sem það hefur leitað til, aðhafast svo sem væri í eigin nafni eða að beiðni annars yfirvalds í eigin landi.

5. gr.

1. Að beiðni þess yfirvalds, sem sækir um aðstoð, skal ríkið, sem beðið er um aðstoð, að teknu tilliti til gildandi reglna í aðildarríkinu þar sem yfirvaldið er, tilkynna yfirvaldinu, sem sækir um aðstoð, eða láta tilkynna því um öll skjöl eða ákvarðanir sem koma frá lögbærum yfirvöldum og varða beitingu á löggjöf um dýr og dýraheilbrigði.

2. Beiðnum um tilkynningar varðandi efni laga eða ákvörðunar sem á að láta í té skal, að kröfu þess yfirvalds, sem beðið er um aðstoð, fylgja þýðing á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem yfirvaldið, sem beðið er um aðstoð, er.

6. gr.

Að beiðni þess yfirvalds, sem sækir um aðstoð, skal yfirvaldið, sem beðið er um aðstoð, vakta eða láta vakta eða efla vakt á starfssvæðum þar sem grunur leikur á að ekki sé farið að reglum, einkum:

- a) starfsstöðvar;
- b) staði þar sem vörubirgðum hefur verið safnað saman;
- c) tilkynnta vöruflutninga;
- d) flutningatæki.

7. gr.

Að beiðni þess yfirvalds, sem sækir um aðstoð, skal yfirvaldið, sem beðið er um aðstoð, láta því í té allar viðeigandi upplýsingar sem það á til eða sem það fær í samræmi við 2. mgr. 4. gr., einkum í formi skýrslna og annarra skjala eða staðfest afrit eða útdrátt úr slíkum skýrslum eða skjölum varðandi staðfesta starfsemi sem yfirvaldið, sem sækir um aðstoð, virðist vera andstæð ákvæðunum í löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt.

II. BÁLKUR

Sjálfkrafa aðstoð

8. gr.

1. Hin lögbæru yfirvöld í aðildarríkjunum skulu eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. að eigin frumkvæði aðstoða lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum án þess að hin síðarnefndu fari áður fram á það.
2. Ef þau telja það gagnlegt í tengslum við löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt skulu lögbær yfirvöld í hverju aðildarríkjanna:
 - a) vakta eða láta vakta starfssvæði sem um getur í 6. gr. svo sem unnt er;
 - b) láta lögbærum yfirvöldum í öðrum viðkomandi aðildarríkjum í té allar tiltækar upplýsingar eins fljótt og unnt er, einkum í formi skýrslna og annarra skjala eða staðfest afrit eða útdrátt úr slíkum skýrslum eða skjölum varðandi starfsemi sem þeim virðist vera andstæð ákvæðunum í löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt, og sérstaklega tilkynna þeim um leiðir eða aðferðir sem notaðar eru við framkvæmd slíkrar starfsemi.

III. BÁLKUR

Lokaákvæði

9. gr.

1. Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni í té um leið og þær eru tiltækar:

a) allar upplýsingar, sem þau telja gagnlegar, um:

- vörur sem grunur leikur á að meðhöndlaðar hafi verið andstætt löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt,
- aðferðir eða vinnsluaðferðir sem notaðar voru eða grunur leikur á að hafi verið notaðar andstætt slíkri löggjöf;

b) allar upplýsingar um annmarka á eða eyðu í téðri löggjöf sem beiting hennar hefur sýnt eða gefið til kynna.

2. Framkvæmdastjórnin skal láta lögbærum yfirvöldum í hverju aðildarríki allar upplýsingar í té um leið og þær eru þeim tiltækar og eru þess eðlis að það auðveldi þeim að tryggja að farið sé að löggjöf um heilbrigði og dýrarækt.

10. gr.

1. Ef lögbær yfirvöld í aðildarríki verða vör við starfsemi sem er, eða virðist vera, andstæð reglum um heilbrigði dýra og dýrarækt og varðar sérstaklega hagsmuni bandalagsins, og einkum:

- ef hún hefur eða kann að skjóta rótum í öðrum aðildarríkjum, eða
- ef téðum yfirvöldum virðist líklegt að sambærileg starfsemi hafi einnig átt sér stað í öðrum aðildarríkjum,

skulu þessi yfirvöld láta framkvæmdastjórninni í té eins fljótt og hægt er, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að rökstuddri beiðni framkvæmdastjórnarinnar allar viðeigandi upplýsingar, ef við á í formi skjala eða staðfest afrit eða útdrátt úr skjölum sem nauðsynleg eru til að varpa ljósi á staðreyndir þannig að framkvæmdastjórninni sé kleift að samræma aðgerðir aðildarríkjanna.

Framkvæmdastjórnin sendir þessar upplýsingar áfram til lögbærra yfirvalda í öðrum aðildarríkjum.

2. Ef boðskiptin, sem um getur í 1. mgr., varða tilvik sem kunna að stofna heilsu manna í hættu og ef aðrar varnaraðgerðir eru ekki fyrir hendi er heimilt að veita viðkomandi upplýsingar í formi rökstuddrar tilkynningar til almennings, eftir að viðkomandi aðilar og framkvæmdastjórnin hafa haft samband sín á milli.

3. Upplýsingar, sem varða einstaklinga eða lögaðila, skal láta í té eins og kveðið er á um í 1. mgr. aðeins ef brýn þörf er á því til að benda á starfsemi sem er andstæð löggjöf um dýraheilbrigði og dýrarækt.

4. Ef lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum beita 1. mgr. þá þurfa þau ekki að láta upplýsingar lögbærum yfirvöldum í öðrum viðkomandi aðildarríkjum í té eins og kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 8. gr. og 9. gr.

11. gr.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði eða fastanefndarinnar um dýrarækt:

- rannsaka almennt hvernig ráðstafanir um gagnkvæma aðstoð, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, reynast í framkvæmd,
- rannsaka viðeigandi upplýsingar sem framkvæmdastjórninni eru látnar í té samkvæmt 9. og 10. gr. – og hvernig slík boðskipti fara fram – svo niðurstaða fáið í málinu.

Í ljósi þessarar rannsóknar skal framkvæmdastjórnin, ef þörf krefur, leggja til breytingar á gildandi ákvæðum bandalagsins eða að ný ákvæði verði sett.

12. gr.

Til þess að koma þessari tilskipun á skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til:

- a) að tryggja snurðulausa innri samræmingu milli lögbærra yfirvalda sem um getur í 1. gr;
- b) að koma á beinni samvinnu milli yfirvalda, sem þau veita sérstakt umboð í því skyni, með hliðsjón af gagnkvæmum tengslum þeirra og eftir þörfum.

13. gr.

1. Þessi tilskipun skyldar ekki lögbær yfirvöld aðildarríkjanna til að veita hvert öðru aðstoð ef það er andstætt allsherjarreglu eða öðrum grundvallarhagsmunum þess ríkis þar sem þau eru.

2. Synjun um aðstoð þarf að rökstyðja.

14. gr.

Í stað afhendingar skjalanna, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, má láta í té upplýsingar unnar í tölvutæku formi í sama tilgangi.

15. gr.

1. Farið skal með allar upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt þessari tilskipun, í hvaða formi sem er, sem trúnaðarmál. Þær skulu falla undir ákvæði um þagnarskyldu og njóta þeirrar verndar sem kveðið er á um í innlendum lögum aðildarríkisins sem veitir upplýsingunum viðtöku, vegna sams konar upplýsinga og þeirrar verndar sem samsvarandi ákvæði um stofnanir bandalagsins veita.

Upplýsingarnar, sem getur í fyrstu undirgrein, mega ekki sendast til annarra aðila, í aðildarríkjunum eða í stofnunum bandalagsins, en þeirra sem þurfa á þeim að halda vegna skyldustarfa sinna. Né heldur má nota þær í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er í þessari tilskipun, nema yfirvaldið sem veitti þær hafi gefið ótvírætt samþykki sitt og að því tilskildu

að gildandi reglur í aðildarríkinu hjá því yfirvaldi sem veitir upplýsingunum viðtöku banni ekki slíka dreifingu eða notkun.

Upplýsingarnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skulu aðeins látnar yfirvaldi, sem sækir um aðstoð, í té ef gildandi ákvæði í aðildarríkinu þar sem yfirvöldin, sem sækja um aðstoð, eru koma ekki í veg fyrir það.

Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingar, sem eru fengnar samkvæmt kerfinu um gagnkvæma aðstoð, séu trúnaðarmál, einnig að máli loknu.

2. Ákvæði 1. mgr. hindra ekki að upplýsingar, sem eru fengnar samkvæmt þessari tilskipun, séu notaðar í málaferlum eða málssókn sem til er komin vegna þess að ekki var farið að löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt og til að koma í veg fyrir eða koma upp um misferli sem skaðað gæti sjóði bandalagsins.

Lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu, sem lét í té þessar upplýsingar, skal þegar í stað tilkynnt um það ef þær eru notaðar í því skyni.

16. gr.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um tvíhliða gagnkvæma aðstoðarsamninga milli dýraheilbrigðisstjórnvalda og þriðju landa.

Framkvæmdastjórnin skal fyrir sitt leyti tilkynna aðildarríkjunum um samninga sama eðlis sem hún gerir við þriðju lönd.

17. gr.

Aðildarríkin skulu gera gagnkvæmt tilkall til endurgreiðslu á útgjöldum sem fylgja beitingu þessarar tilskipunar nema, ef við á, að því er varðar laun til sérfræðinga.

18. gr.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á beitingu reglna um gagnkvæma aðstoð í afbrotamálum í aðildarríkjunum.

19. gr.

Aðildarríkjunum ber að samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli, sem nauðsynleg eru til að framfylgja tilskipun þessari, fyrir 1. júlí 1991. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

20. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. nóvember 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

H. Nallet

forseti.